



Starfsemi Regnbogans

Samantekt 2019-20
Starfsáætlun 2020-2021

Regnboginn

Regnboginn er sjálfstætt rekinn leikskóli að Bleikjukvísl 10, í Reykjavík. Rekstraraðili er Dignitas ehf. Deildir skólans eru þrjár, fyrir börn frá 1 - 6 ára eða til upphafs grunnskólagöngu. Lóðin er skjólgóð og í nágrenni skólans er eitt besta útivistarsvæði sem finna má innan borgarmarkanna eða sjálfur Elliðaárdalurinn. Dalurinn er óspart notaður til útivistar, rannsókna á lífríki dalsins og til að; leika, skynja, nema og njóta.

Nám barnanna hvílir á stoðum Aðalnámskrár leikskóla og einnig er horft til hugmyndafræði sem kennd er við Loris Malaguzzi frá Reggio Emilia á norður Ítalíu, oftast bara kölluð Reggio-stefnan. Stefnan grundvallast á þeirri sýn að öll börn séu máttug, frjó og mikilhæf, með fjölbreytta hæfileika og eigindir og að það sé hlutverk foreldra og kennara að skapa börnum námsumhverfi svo hæfileikar og færni hvers barns blómstri. Regnboginn hefur frá upphafi verið í samstarfi við aðra Reggio-skóla á Íslandi og flestir kennarar skólans hafa sótt endurmenntun við Loris Malaguzzi International Instituted í Reggio Emilia. Markmið Regnbogans er að barnið öðlist:

Góðan almennan þroska og tilfinningalega færni

Hæfni í samskiptum og skapandi færni

Sterka sjálfsvitund og sjálfsaga

Frjálsa og frjóa hugsun.

Við teljum að ofan talin markmið séu grundvöllur þess að börn verði hamingjusamir einstaklingar með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og til að vera skapandi frumkvöðlar í lífi og starfi.



Útskriftarhópurinn 2020

Árgangur 2014, kennarar þeirra og skólastjórnendur.

Leiðarljós Regnbogans

Að hvert barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Efnisyfirlit:

Innihald

Regnboginn.....	2
Leiðarljós Regnbogans.....	3
Áherslur í starfi leikskólans.....	5
Greinargerð skólastjóra um starf Regnbogans	8
<i>Regnboginn leikskóli</i>	12
Greinargerð Gulu deildar um starfið skólaárið 2019-2020	12
Umbótaáætlun Gulu deildar fyrir skólaárið 2020-2021	19
Greinargerð Rauðu deildar um starfið skólaárið 2019-2020	20
Umbótaáætlun Rauðu deildar fyrir skólaárið 2020-2021	28
Greinargerð Grænu deildar um starfið skólaárið 2019-2020	29
Umbótaáætlun Grænu deildar fyrir skólaárið 2020-2021	38
Aðrir umbótaþættir sem unnið var að á árinu á öllum deildum	40
Innra mat og matsáætlun	41
Matsáætlun/umbætur.....	43
Ytra mat leikskólans	44
Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2020-2021	45
Aðrar upplýsingar	46
Skipulagsdagar og símenntun.....	49
Fylgiskjöl:	52

Áherslur í starfi leikskólans

Tilfinningalega styðjandi umhverfi - Mál- og lesproski - Skapandi starf
Þrjár megin stoðir eru í starfi Regnbogans og eru hér nefndar í grófum dráttum

1) Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Við viljum sýna börnum virðingu, gleði og umhyggju svo þau læri sjálfsvirðingu. Við leggjum áherslu á skapandi samskipti svo börnin öðlist færni til að koma skoðunum sínum á framfæri og læri að virða skoðanir annarra. Við leggjum áherslu á ramma og reglur sem höfða til skynsemi svo þau öðlist innri aga. Við leggjum áherslu á hvatningu og að hrósa fyrir gott framtak og fordæmi svo börnin gefist síður upp þó á móti blási. Við viljum vera til staðar og hjálpa barni að skilja tilfinningar sínar í reiði, sorg, áráði og gleði. Í daglegu starfi leggjum við því rækt við léttleika og gleði til að læra að taka sig ekki of alvarlega en um leið reynum við að skapa andrúm og festu þar sem börnin tileinka sér daglegar umgengnisreglur og almenna mannasiði. Virðing og festa í daglegum ramma þar sem réttlátar reglur gilda stuðla að sjálfstjórn barnsins, innri aga og ró.



2) Mál- og læsi

Við viljum stuðla að skapandi tjáningu og virkri hlustun í daglegu starfi og rækta þannig móðurmálið okkar. Börn þurfa þjálfun í hlustun og tjáningu og góðar fyrirmyndir heima og í leikskólanum til að öðlast góðan og fjölbreyttan orðaforða. Grunnurinn að góðum málþroska hefst með fyrsta hjali foreldra við barn sitt. Öll málreynsla sem á eftir kemur skiptir miklu fyrir mál- og lesþroska barnsins, nú kallað læsi í námsskrám (sjá nánar á næstu síðu). Lubbi finnur málbein er gott og skemmtilegt námsefni fyrir börn á leikskólaaldri. Náms efnið styður vel við þróun máls og læsis hjá börnum og er efnið notað á öllum deildum skólans og er að þróast í starfinu með yngstu börnin uppí þau elstu. Sum börn geta þá orðið lesið sér til gagns en önnur stutta texta og eru vel búin undir grunnskólanámið. Þetta hefur einnig komið fram í samstarfinu við Ártúnsskóla en kennarar þar segja börnin almennt vera vel undirbúin þegar þau koma í skólann.



3) Skapandi starf í anda Reggió-stefnunnar

Til að börn geti þróað með sér skapandi hugsun og færni þarf að skapa börnum frjótt og vel skipulagt barnvænt leikumhverfi (inni og úti) sem hvetur til fjölbreyttra leikja og uppgötvana. Efniviður og aðstæður eiga að hvetja til könnunar og rannsókna á hlutum og fyrirbærum í daglegu lífi okkar, náttúrunni og umhverfinu. Starfið á að vera börnunum hvatning til að tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt s.s. í máli, leik, tónlist og myndið. Aðalatriðið í sköpun er ferlið sjálft, ekki útkoma þess. Við viljum virða og taka tillit til getu barnsins og löngunar og leggja okkar af mörkum til að skapa kjöraðstæður einmitt á þeim tíma sem barnið er tilbúið til að skoða/rannsaka, taka á móti og nema.





Námskráin Regnbogans er *fljótandi námskrá* og sjaldan eru gerðar nákvæmar áætlanir fyrir fram en stundin oftast gripin. Þó erum við með formlegra og verkefnamiðað nám að nokkru leyti á síðasta ári barnanna. Fljótandi námskrá byggð á Aðalnámskrá leikskóla gerir miklar kröfur til fagmennsku kennaranna. Grunnurinn í starfi leikskólans helgast fyrst og síðast af áherslum Regnbogans á *Tilfinningalega styðjandi umhverfi, Mál- og lesþroska og Skapandi starfi.*

Markmiðið okkar er alltaf að gera gott skólastarf betra.

Gildi leikskólans eru;

Virðing - Gleði - Umhyggja

Greinagerð skólastjóra um starf Regnbogans

Hlutverk okkar sem í leikskólanum starfa er að skapa börnum skólans tilfinningalega styðjandi umhverfi og góðar aðstæður til leikja og uppgötvunarnáms í samvinnu og sátt við fjölskyldur barnanna. Við lítum þannig á að öll börn séu máttug og mikilhæf með fjölbreyttar eigindir og hæfileika til þroska eðlisþætti sína og færni. Okkar er að skapa þeim þær aðstæður.

Einkunnarorð skólans eru:

Börn eru merkilegt fólk

Leikskólastarf í Regnboganum:

Skólaárið 2019-20 bauð upp á margar áskoranir sem margar hverjar hafa aldrei komið á borð leikskólans áður. Vel gekk þó að vinna að markmiðum sem sett voru fram í matsáætlun framan af ári en í raun mætti skipta árinu upp í „fyrir“ og „eftir“ COVID-19. Hér á eftir mun ég fara yfir tvo stærstu viðfangsefni skólaársins sem voru Vináttuverkefni Barnaheilla og skólastarfi á tímum COVID-19

Menntastefna Reykjavíkur til 2030

- Grunnþættir menntastefnunnar eru: *félagsfærni, sjálfefting – sterks sjálfsmynd trú á eigin getu, læsi – þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi, sköpun – skapandi hugur og hönd og heilbrigði – heilbrigði lífstíll og vellíðan.*

Segja má að ofangreindir þættir speglist á við undirstöðu faglegs starfs í Regnboganum allt frá upphafi. Í námskrá skólans kemur glögglega í ljós hvernig við vinnum að þessum grunnþáttum. Markmið Regnbogans er að börn öðlist: *Góðan almennan þroska, tilfinningalega færni, sterka sjálfsvitund, sjálfsaga, hæfni í samskiptum, skapandi færni og frjóa hugsun.* Þessir þættir eru grundvöllur þess að börnin verði hamingjusamir einstaklingar með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og að vera skapandi frumkvöðlar í lífi og starfi.

Vinátta - verkefni Barnaheilla er nýtt forvarnarefni í starfinu

Hugmyndafræði og gildi Vináttu byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk þess byggir Vinátt á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Þátttaka allra í þessu forvarnarkerfni er grundvöllur þess að vel takist til. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og í samskiptum innan skólasamfélagsins. Hugmyndafræðin endurspeglar í eftirtöldum fjórum gildum: Umburðalindi-Virðing-Umhyggja-Hugrekki. (Af vef Barnaheilla).

Eins og fram hefur komið er *Tilfinningalega styðjandi umhverfi* einn af hornsteinum í starfi Regnbogans og passar fræðsluefni Barnaheilla vel við þann hornstein. Lögð er áhersla á *gæði í samskiptum* bæði við börn, starfsfólk og foreldra. Við viljum að það endurspeglar í gildum Regnbogans sem eru; *Virðing, gleði og umhyggja*. Félagsfærni er mikilvægur þáttur í uppeldi og þroska barna og á skólaárinu 2019-2020 settum við okkur markmið að vinna sérstaklega með þann þátt. Áhugi hafði vaknað meðal starfsmanna að vera betur fært um að vinna með tilfinningar og félagsfærni barnanna og var því ákveðið fá námskeiðið á vegum Barnaheilla *Vináttu* sem er forvarnaverkefni gegn einelti.

Verkefnið byggist á fjórum grunngildum: *Umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki* og hefur það bæði góðan samhljóm við stefnu Regnbogans auk þess að koma til móts við óskir

starfsmanna um áþreifanlegt og einfalt efni til að vinna með vináttu, tilfinningar, félagsfærni o.fl. Því til viðbótar kemur verkefnið inn á marga grunnþætti menntastefnunnar. Á fyrsta skipulagsdegi skólaársins þann 21. september 2019 fengum við Lindu Hrönn Þórisdóttur frá Barnaheillum til okkar með námskeið um fræðsluefnið *Vináttu* fyrir allan starfsmannahópinn. Það var einróma niðurstaða kennara og starfsfólks að efnið passaði vel inn í starfið í Regnboganum. Verkefnið var kynnt foreldrum á árlegum foreldrafundum í lok september og leist þeim vel á þessa viðbót við starfið. Við tók hugmyndaflæði um það hvernig við vildum kynna Blæ til leiks meðal barna Regnbogans. Margar hugmyndir komu fram bæði frá foreldrum og starfsmönnum.

Sú hugmynd sem heillaði okkur mest var að tengja saman hundinn Lubba úr námsefninu *Lubbi finnur málbein*, sem notað hefur verið í Regnboganum í áraraðir, við bangsann Blæ í verkefnum *Vináttu*.

Útfærslan hjá okkur varð svo að í samverustundum sagði Lubbi börnunum frá því að hann fór til Ástralíu í sumarfríinu og eignaðist þar vin sem heitir Blær. Þeir gerðu margt skemmtilegt saman í Ástralíu og ákvað Lubbi að bjóða Blæ að koma í heimsókn í Regnbogann. Lubbi og skrifaði síðan Blæ bréf og bauð honum heimsókn. Blær svaraði um hæl, þáði boðið og lagði af stað til Íslands (sjá bréf í viðhengi). Við erum svo heppin að hjá okkur vinnur ljósmyndari og grafískur miðlari setti hún saman myndir af Lubba og Blæ í Ástralíu sem skreyttu bréfin.

Blær villtist á flugvellinum þegar hann var lentur á Íslandi. Blær var svo heppinn að hitta Snorra flugmann sem svo vildi til að er faðir drengs í Regnboganum. Snorri var ekki lengi að hugsa sig um og bauðst þegar til að fylgja Blæ á leiðarenda sem var svo sannarlega vinalega gert af honum. Föstudaginn 4. október komu því Snorri og Blær saman í samveru í sal Regnbogans, börnum og starfsfólki til mikillar gleði.

Vinafundir litu dagsins ljós þar sem börnin settust niður í 4-6 manna hópum með kennara. Stundirnar voru mismunandi á milli aldurshópa en grunnurinn alltaf sá sami þ.e. að vinna með grunnildi verkefnisins umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki í gegnum samræðuspjöld, myndir, tónlist, nudd, sögur o.fl. Blær tekur nú virkan þátt í daglegu lífi með börnunum og er alltaf til

taks að hlusta, veita knús, hugga og það er hægt að hvísla að honum þegar maður vill. Börnin eru dugleg að sækja Blæ handa vini/vinkonu sem eru leið eða þurfa á extra umhyggju að halda.



Verkefnið var metið jafnóðum á deildarfundum, deildarstjórafundum og á sameiginlegu endurmati í janúar 2020. Þetta hefur verið lærdómsríkt ferli sem við höldum áfram að þróa á næsta skólaári. Í Greinagerð deildarstóra verður fjallað nánar um hvernig deildarnar útfærðu verkefnið undir *tilfinningalega styðjandi umhverfi*.

Myndir frá komu Blæs í Regnbogann



Sögulegt skólaár

Það má með sannri segja að skólaárið hafi verið frábrugðið því sem við eigum að venjast þar sem á ýmsu gekk þegar árið 2020 gekk í garð.

Árið tók á móti okkur með hverri stormviðvöruninni á fætur annarri og olli röskun á skólastarfi um allt land og í fyrsta skipti var skólum lokað vegna rauðrar veðurviðvörunar.

Síðan skall á heimsfaraldur vegna kórónuveirunnar eða COVID-19 og samkomubann var sett á í fyrsta skipti í sögunni. Gerðar voru takmarkanir á skólastarfi og 2. metra reglan leit dagsins ljós.

Vel gekk að skipuleggja starfið í Regnboganum og aðlöguðust börn, starfsfólk og foreldrar vel að breyttum aðstæðum. Starfið og skiplagið var í þróun fyrstu vikunnar og tók nokkuð örum breytingum í fyrstu. Í þriðju viku samkomubanns sigldum við svo inn í skipulag sem við unnum eftir út samkomubannið og fól m.a. í sér að:

- Opnunartíma skólans var breytt í 8-16:15 – var það gert þar sem ekki var hægt að tryggja tilhlýðilega fjarlægð milli starfsmanna og barna í morgunverði og svo hægt væri að framfylgja leiðbeiningum varðandi þrif og sóttvarnir í lok dags.
- Morgunmatur var tímabundið lagður niður og í staðinn komu ávaxtastundir inn á deildum. Þær vöktu mikla lukku og börn sem höfðu sýnt ávöxtum lítinn áhuga fram að þessu voru fyrst að borðum þegar ávextir var borinn fram.
- Útiveran tók breytingum á þann hátt að deildarnar skiptu útverunni á milli sín. Gula átti útisvæðið á morgnanna, Græna eftir hádegi og Rauða í lok dagsins. Eldri deildarnar tvær voru svo einnig duglegar að fara í gönguferðir með börnin fyrir hádegið.
- Gefið var í varðandi allar sóttvarnarráðstafanir. Allir bæði starfslið og börn byrjuðu daginn á handþvotti (regla sem við höfum haldið áfram með. Farið var yfir leiðbeiningar sóttvarnaryfirvalda og ýtarlegar leiðbeiningar um þrif og sóttvarnir gefnar út.
- Ýmsar aðrar ráðstafanir voru gerðar í innra skipulagi skólans til að halda deildum aðskildum eins vel og kostur var og tryggja að hægt væri að fylgja sóttvarnarráðstöfunum til hins ýtrasta.

Á meðan þessum tímum stóð var okkar upplifun sú að börnin voru í góðu jafnvægi og lítið upptekin af veirulegum umræðum. Ef vangaveltur eða spurningar komu upp var starfsfólk reiðubúið að grípa boltann og ræða af yfirvegun um viðfangsefnið.

Það var margt jákvætt sem kom út úr þessum aðstæðum, það hægðist á daglegum takti og meiri ró færðist yfir daglegt starfi. Börnin nutu sýn vel í smærri hópum og meiri tími skapaðist fyrir hvert og eitt barn. Það var gaman að fylgjast með börnunum mynda ný vinatengsl. Það var nefnilega ekki alltaf þannig að bestu vinir voru í leikskólanum sömu daga. Það kom þó ekki að sök því börnin uppgötvuðu nýja vini sem þau höfðu ekki leikið mikið við áður og mynduðu þannig ný tengsl í barnahópnum. Öllum til mikillar gleði og ánægju.

Við göngum frá þessu tímabili með bros á vör, þakklát fyrir að hafa komist í gegnum það á lygnum sjó og fyrir að enginn í leikskólanum hvorki börn né starfsfólk smituðust af veirunni. Þegar snúið var aftur í hefðbundið skólastarf, vorum við reynslunni ríkari, með nýjar hugmyndir í farteskinu.



Regnboginn leikskóli

-innra mat deildanna

Greinargerð **Gulu** deildar um starfið skólaárið 2019-2020

Á Gulu deildinni dvelja að jafnaði 17 börn en á síðasta starfsári voru tvö börn fædd 2017, 14 börn fædd 2018 og eitt barn fætt 2019. Við innra mat á starfi var ákveðið að horfa fyrst og síðast á helstu áherslur Regnbogans og hvernig til hefur tekist til við að vinna samkvæmt þeim áherslum á skólaárinu.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Nokkur viðmið um gæði:

- *Gildi leikskólans, Gleði – Virðing - Umhyggja eru ríkjandi í samskiptum við börn, foreldra og starfsfólk.*
- *Vel má sjá gildin okkar í starfi deildarinnar (starfsfólk horfi inná við-hvað geri ég?)*
- *Starfsfólk setur mörk af virðingu, umhyggju og yfirvegun?*
- *Starfsfólk er til staðar fyrir barnið og hjálpa því að skilja tilfinningar sínar (reiði, sorg, sársauka, ánægju og gleði).*
- *Sjá má og finna nærgætni og öryggi starfsfólks í starfinu með börnum deildarinnar.*
- *Lögð er áhersla á hvatningu og hrós fyrir verk, athöfn og framtak.*
- *Er ríkjandi gleði á deildinni okkar.*
- *Þess er gætt að hafna aldrei barni á nokkurn hátt þó ástæða sé til að hafna atferli.*
- *Ríkir eindrægni og virðing í starfsmannahópi deildarinnar (ræða á deildarfundum eins og annað sem mikilvægt er)*

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

(Muna Vinapema, valdaga, litadaga, hrósviku, að vernda- og njóta náttúrunnar, að vera landvörður o.fl.)

Starfsfólkið hefur verið samhent í því að leiðbeina börnunum á jákvæðan og uppbyggjandi hátt með því að segja þeim og sýna hvað er vænlegt að gera í ýmsum aðstæðum sem leikskólalífið hefur upp á að bjóða og setja orð á þær tilfinningar sem þau gætu verið að upplifa. Þannig sköpum við þeim tækifæri til að efla félagsfærni sína.



Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum og starfsdögum metum við hvernig gengur að vinna út frá áherslum leikskólans í starfi. Starfsfólk deildarinnar var sammála um að vel gekk að vinna eftir viðmiðum um gæði. Starfsfólkið er flottar fyrirmyndir, bæði í samskiptum sín á milli og við börnin. Við einsetjum okkur að eiga jákvæð, uppbyggjandi og hvetjandi samskipti svo öllum líði vel. Starfsfólkið var duglegt að tileinka sér góð samskipti og af virðingu sem skiluðu sér sannarlega til barnanna. Þau voru dugleg að leita til okkar, sama hvort þau voru döpur, glöð eða hvaða tilfinningar sem þau upplifðu hverju sinni og deila þeim með okkur.

Vináttuverkefni Barnaheilla

Eitt aðalmarkmið skólaársins 2019-2020 var að innleiða Vináttuverkefni Barnaheilla í skólastarfið. Allt starfsfólk leikskólans fór á námskeið um Vináttuverkefni Barnaheilla í september 2019. Vináttuverkefnið Blær var kærkomin viðbót í leikskólann til að vinna enn frekar með félagsfærni, vináttu, jákvæð, falleg og uppbyggjandi samskipti og tilfinningar.

Pegar Blær kom í leikskólann fékk deildin afhenta gula tösku með námsefni fyrir börn á aldrinum 0-3ja ára. Í töskunni eru bækur um lífið í leikskólanum og um tilfinningar, það eru stór, fallega myndskreytt

og auðskiljanleg tilfinninga- og umræðuspjöld um raunsæjar aðstæður sem geta skapast innan barnahópa. Á tilfinningaspjöldunum eru sýnd tákni fyrir hverja tilfinningu. Í töskunni er einnig verkefnahefti og leiðbeiningar um notkun efnisins. Á Spotify má finna lög um vináttuna og Blæ.

Unnið var með eitt verkefni á viku, ýmist úr bókunum eða spjöldunum. Spjöldin fengu að hanga uppi á vegg þá viku sem unnið var með þau. Tilfinningaspjöldin náðu vel til barnanna, þau voru áhugasöm og dugleg að tileinka sér táknin. Þau stöldruðu töluvert við myndirnar og fengu í gang samræður um tilfinningarnar og önnur myndaspjöld sem unnið var með.

Ákveðið var að stundirnar með Blæ fengju heitið Vinafundir. Blær er kynlaus en í eftirfarandi kafla verður fjallað um Blæ í karlkyni. Til að koma verkefninu af stað á deildinni setti deildarstjóri upp skipulag fyrir haustið, viku fyrir viku þar sem vinastundirnar fengu upphaf, miðju og endi. Í byrjun hverrar stundar var sungið vinalag. Því næst var unnið með ákveðið verkefni, s.s. tilfinningarnar, læra að segja stopp og stoppa þegar beðið er um það o.s.frv. Stundirnar enduðu allar á nuddi þar sem börnin læra að nálgast hvert annað á jákvæðan hátt og af gagnkvæmri virðingu. Þau læra að virða svar leikskólafélaga sinna hvort þeir vilji nudd eða ekki - já þýðir já, nei þýðir nei.

Við ákváðum að prófa að hafa vinafundina í beinu framhaldi af Lubbastundum. Þar leggjum við inn hljóð vikunnar í fámennum hóp, 4-5 börn í einu. Það reyndist vel og munum við halda áfram að vinna stundirnar á þennan hátt. Hvor stund um sig er stutt og hnitmiðuð og virtist fámennur barnahópurinn eiga nokkuð auðvelt með að halda athygli og einbeitingu með vinunum Lubba og Blæ.

Börnin fengu hvert og eitt lítinn Blæ sem voru merktir með mynd af viðkomandi barni. Þau eiga að geta sótt Blæ þegar þau vantar huggun, stuðning eða vin. Settar voru upp hillur í hæð barnanna fyrir Blæ og þar er hann ávallt aðgengilegur. Blær má fylgja barninu í öllum þeim aðstæðum sem barn vill eða þarf að hafa hann hjá sér. Með tímanum lærðu þau að sækja Blæ og rétta hann öðru barni sem var dapurt eða hafði meitt sig.

Blær leysti líka af persónulega bangsa sem börnin komu með að heiman til að hafa hjá sér í hvíldinni. Í frjálsum leik hlustuðum við á tónlistarefni sem fylgir Blæ svo að börnin þekktu til laganna. Á föstudögum fórum við í hópleiki þar sem við unnum með allan hópinn. Dæmi um slíkan leik er fallhlýfaleikur þar sem börnin setjast saman á gólfið og starfsfólkið lætur fallhlíf fela þau og svo er fallhlífinni kippt upp. Þetta var endurtekið nokkrum sinnum og reyndi t.d. á nándina hjá sumum börnum. En þeim fannst þetta skemmtilegt og með tímanum og endurtekningunni þá varð þetta auðveldara fyrir alla.



Við erum með deildarfundi aðra hverja viku og ræddum Vináttu verkefnið reglulega þar. Starfsfólkið var einróma sammála um að það væri gott að hafa vinastundirnar skipulagðar á þann hátt sem þær voru. Stundirnar voru stuttar og hnitmiðaðar. Börnunum var boðið að hafa litla Blæ hjá sér í báðum stundunum og fengu að handfjatla hann á meðan að hljóðin voru lögð inn í Lubba og verkefni voru unnin í vinastundum. Sumu starfsfólki fannst litli Blær hafa truflandi áhrif á Lubbastundirnar og var honum því kippt úr þeim stundum til að samræma vinnuna milli starfsfólks. En það er eitthvað sem við þurfum að meta fyrir komandi skólaári hvort litli Blær verði með eða ekki í Lubbastundum eða jafnvel hvort hver starfsmaður hafi það eins honum þykir best. Að öðru leiti gekk vinnan vel og við höldum áfram á svipaðri braut og byggjum ofan á það sem við höfum verið að gera.

Á starfsdegi í janúar var sameiginlegt miðannarmat með öllu starfsfólki leikskólans á því hvernig gengi að innleiða verkefnið á deildum. Hver deild sagði frá hvernig gekk og hvernig unnið væri með það. Það var mjög gagnlegt að heyra frá hinum deildunum og góðar umræður sem sköpuðust. Reyndist Gula deildin vera á góðu róli og starfsfólkið hélt áfram að vinna eftir skipulaginu sem deildarstjóri hafði sett upp. Gert var nýtt skipulag fyrir vorönn sem var heldur lausara í reipunum en haustskipulagið og því þarf að fínþússa það betur.

Þrátt fyrir COVID-19 raskaðist starfið á deildinni ekki og gátum við haldið okkar striki óhindrað þar sem fjöldi barna á deildinni náði ekki þeim fjöldaviðmiðum sem sett voru.

Umbótaþættir fyrir næsta skólaár:

- Fínþússa skipulag sem unnið er eftir á vorönn.
- Syngja fjölbreyttari lög í upphafi vinafunda.
- Ákveða hvort litli Blær verður með í Lubbastundum



Valdagur – vinadagur.

Það fór hægt af stað hjá okkur að koma þessu verkefni í framkvæmd þar sem mikið púður fór í Vináttuverkefnið fram að áramótum. Á fyrsta deildarstjórafundi í janúar var ákveðið að hrinda verkefninu í framkvæmd. Þrír starfsmenn, einn af hverri deild mynduðu skipulagsteymi og settu upp skipulag fyrir daginn. Á þeim fundi var ákveðið að nefna daginn vinadag. Í grófum dráttum var deginum þannig háttað að starfsmönnum voru úthlutaðar stöðvar á víð og dreif í húsinu, 3 starfsmenn voru flakkarar sem fóru um og hjálpuðu þeim sem þurftu aðstoð að fara á milli stöðva. Gætt var að því að starfsmenn blönduðust en líka að a.m.k. einn vanur starfsmaður væri eftir á hverri deild. Sett voru upp spjöld á hverri stöð sem gáfu til kynna fjölda barna sem gat verið á hverjum stað. Börnin fengu að flæða sjálf á milli stöðva. Þau tóku með mynd af sér sem þau festu á spjaldið.

Börnin á Gulu deildinni, þ.e. yngstu börnin á leikskólanum, flæddu ekki um allt húsið eins og þau eldri. Við notuðum tækifærið og æfðum þau í að fara í heimsókn yfir á Rauðu deildina sem tekur á móti þeim að lokinni Gulu deild.

Pegar kom að færslu milli deilda þá erum við sannfærð um að vinadagarnir, ásamt aðlögun, hafi hjálpað þessum yngstu að fara frá Gulu yfir á Rauðu. Þ.e. að heimsækja eldri deild, á miðju skólaári, iðandi af lífi þar sem allir léku saman – elstu og yngstu.

Einungis náðist að hafa tvo vinadaga því Covid-19 skall á í mars. Þrátt fyrir að aðeins 2 vinadagar voru haldnir var mikil ánægja í húsinu með dagana bæði hjá börnum og starfsfólki. Í starfsmannakönnun kom fram að starfsmenn vildu halda áfram að þróa þessa daga á næsta skólaári. Við höldum því áfram með þennan umbótaþátt í umbótaáætlun.

Umbótaþættir fyrir næsta skólaár:

- Vinadagur verði 1x í mánuði, 6 sinnum (sept, okt, nóv, jan, feb, mars)
- Gula deild (yngsta deildin) – byrjar að taka þátt eftir áramót fyrir utan börn fædd 2018.
- Gera tilraun með að leyfa börnunum að flæða óhindrað milli stöðva (ekki takmarka fjölda á stöðvar)

Mál og læsi

Nokkur viðmið um gæði:

- *Starfsfólk er duglegt að setja orð á athafnir og hluti í daglegu lífi barnanna, eiga samræður og vekja til umhugsunar um lífið og tilveruna.*
- *Markvissar lestrarstundir eru a.m.k. 2 x á dag einu sinni á dag*
- gott er að lesa 4- 6 x á dag stuttar bækur m.a. bendibækur fyrir yngri börnin og fá barnið til að segja orðið/heitið. Notað öll tækifæri sem bjóðast til að setjast með barn í fang og lesa fyrir litlu börnin.
- *Ritmálið er gert sýnilegt á deildinni t.d. með merkingum/skráningum, nafni barnanna, heiti dýra, hugtökum s.s. um liti og á formum, Lubbaplakötum o.m.fl.*
- *Börnunum er kennt að handfjalla bækur, skoða þær fallega og ganga vel um þær.*
- *Unnið er markvisst með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ á deildinni.*
- *Markvissar söngstundir eru 2 x á dag a.m.k. og söngur flæðir um starfið.*
- *Niðurstöður úr Hljóm-II (á Grænu)*

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Í Regnboganum er lögð rík áhersla á læsi í sinni víðustu mynd og við byrjum strax á Gulu deildinni. Við setjum orð á daglegar athafnir og á hluti í umhverfinu. Ritmálið er að einhverju leyti sýnilegt í umhverfinu en við getum gert betur, t.d. haft nöfn barnanna sýnilegri og sett upp meira af myndaskráningum. Bókakosturinn er góður og börnin hafa aðgang að bókunum til að setjast niður í rólegheitum og fletta sjálf eða með starfsfólki. Við syngjum mikið og förum með þulur.

Við teljum mikið á fingrum okkar, við lestur bóka, í lögum og við ýmsar aðstæður. En tölustafir voru lítt sýnilegir á deildinni og bættum við úr því með því að prenta út stóra tölustafi frá einum og upp í

tíu og hengja upp í hæð barnanna. Hver tölustafur var í sínum lit þannig að hægt var fara í senn yfir tölurnar og litina í réttri röð skv. litalaginu. 1 (gulur), 2 (rauður), 3 (grænn) o.s.frv. Börnin sýndu tölustöfunum töluverðan áhuga, þau voru mikið að benda á tölurnar og fá aðstoð starfsfólks eða stóðu við og töldu sjálf. Við höfðum einnig grunnformin hring, þríhyrning og ferhyrning/ferning sýnileg í glugga sem var ekki áður. Á deildinni eru til lítill grunnform í grunnlitunum sem börnin geta fengið að handfjatla. Við notum þau til að fara yfir litina og heiti formanna. Þegar líða tók á veturinn voru börnin farin að tengja litlu formin við þau sem voru í glugganum og reyndu að festa rétt form á viðeigandi stað í glugganum.

Í samverustundum vinnum við með ýmsan málörvunarefni við. Mimi bækurnar eru sívinsælar. Einföld hreyfitákn eru sýnd til stuðnings töluðu máli og henta þær því vel ungum börnum og börnum með fleiri en eitt tungumál. Við unnum með liti, form, tölustafi og fókum mikið í líkamsheiti. Í samverustundum var einnig markvisst unnið með námsefnið *Lubbi finnur málbein*. Börnin fara í litlum, 4-5 barna hópum í *Lubbastund*. Þar eru málhljóðin, ásamt táknum fyrir hvert hljóð, lögð inn í tileinkunar röð barnanna. Eitt málhljóð á viku er lagt inn. Það þykir geysi vinsælt að fá að knúsa og klappa hundabréðunni Lubba og hlusta á lögin. Í söngstundum höldum við svo áfram að syngja lögin sem fylgja málhljóðunum.

Við bættum við samverustundum sem kallaðar eru flæðilestur að fyrirmynd leikskólans Hulduheima. Í þeim stundum fer fram mikið nám með endurtekningu. 4-5 barna hópur fer í þessa stund. Starfsmaður les stutta bók fyrir hópinn. Að því loknu er hverju og einu barni boðið í fang og spjallað um bókina um leið og hún er lesin aftur fyrir hvert og eitt barn. Sama bókina er því lesin 5-6 sinnum. Börnunum þótti þetta notaleg stund og þau iðulega stóðu hjá og fylgdust með þegar lesið var fyrir hvern einstakling eða sátu og flettu öðrum bókum sem boðið var upp á að skoða. Þetta er einnig góð stund til að kenna börnunum hvernig fara á með bækur.

Í lok mars 2019 settum við af stað verkefni sem fékk nafnið *Lestrarsprettur með Lubba*. Verkefninu var ætlað að gera mál- og læsi enn hærra undir höfði og sýnilegri og bjóða börnum og foreldrum með okkur í lestrarsprett. Spretturinn stóð yfir í 2 vikur. Börnin fengu heim með sér blað með málbeinum, á beinin skrifuðu foreldrar eða börnin nafnið sitt og heiti bókar. Börnin komu síðan með beinin í leikskólann og hengdu upp hjá Lubba á sinni deild. Starfsmenn gerðu einnig málbein yfir þær bækur sem lesnar voru á leikskólanum. Börnin voru áhugasöm og spennt að færa Lubba málbein og það safnaðist í dagott fjall.



Virkilega vel heppnað og skemmtilegt lestrarátak sem við endurtókum skólaárið 2019-20 og bættum jafnframt við það. Hver deild tók saman hve margar bækur voru lesnar yfir þann tíma sem lestrarspretturinn var og síðan unnið úr þeim upplýsingum eins og aldur barna á hverri deild leyfði. Á Gulu deildinni voru lesnar 150 bækur.

Við gerðum spilum hærra undir höfði en við höfðum gert. Keypt voru spil sem hæfðu þessum unga aldri.

Tækifæri til umbóta fyrir næsta skólaár:

- Halda áfram á sömu braut
- Gera ritmálið enn sýnilegra t.d. hafa nöfn barnanna sýnilegri og setja upp meira af myndaskráningum.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Nokkur viðmið um gæði:

- Umhverfi og efniviður barnanna hvetur til könnunar, fjölbreyttra leikja og uppgötvana í daglegu starfi, inni við jafn sem úti, í náttúru og umhverfi.
- Börnunum eru sköpuð rík tækifæri til uppgötvana og til að vera skapandi í leik og starfi.
- Áhugasvið barnanna skal ráða för í vali á verkefnum eftir því sem kostur er.
- Listsköpun er á forsendum barnanna.
- Áhersla í sköpun er á ferlið sjálft en ekki útkomu þess.
- Kennarar og starfsfólk skal vera börnunum góðar fyrirmyndir og sýna fallega framkomu.
- Sjá má og finna að virðing ríkir fyrir börnum og samstarfsfólki.

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Mikið skapandi starf á sér stað á Gulu deildinni í gegnum stöðvavinnu og frjálsan leik. Í gegnum starfið kynnast börnin fjölbreyttum efnivið sem örvar skynfærin og hugmyndaflug. Við vinnum í stöðvavinnu í litlum, 4-5 barna hópum. Við sköpum þeim tækifæri til að læra og uppgötva í umhverfinu. Margt eru þau að upplifa í fyrsta sinn.

Í kubbastöð hafa börnin aðgang að ólíkum kubbum þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín við að raða, flokka, stafla o.s.frv. Eftir því sem leið á veturinn jókst bæði getan og áhuginn æ meir á kubbavinnunni.

Könnunarleikurinn skipar stóran sess í starfinu. Hver hópur fer einu sinni í viku í könnunarleikinn í innra herbergi. Þar fá þau tækifæri til að uppgötva og kanna fjölbreyttan, opinn efnivið á eigin forsendum. Starfsmaður hefur raðað efniviðnum snyrtilega upp svo aðkoman fyrir börnin er falleg og grípandi. Það þykir alltaf eftirsóknarvert að fara í innra herbergi í könnunarleikinn. Þar skapast ró og næði svo börnin njóta þess að rannsaka upp á eigin spýtur.

Í desember og janúar hvíldum við könnunarleikinn og unnum þá með ljósastöð þar sem unnið er með ljós og skugga. Við notum myndvarpa til að varpa upp ólíkum efnivið á vegg, við klemmum ljós á hillur og börnin fá að handfjatla vasaljós.

Listastöðin á einnig sinn fasta stað í starfinu á Gulu deildinni. Þar fá börnin tækifæri til að vinna með ólíkan efnivið, mála, lita, líma og stimpla. Listapáttinn má dýpka í anda Reggio þar sem við erum gjarnan að sækja börnin úr leik til að vinna verkefni í listastöð. Ef flæðið í leiknum verður meira þá vinnur það með listastöðinni og börnin flæða þar inn þegar þau hafa áhuga. Jafnvel væri gaman að færa listastöðina oftast inn á deildina sjálfa. Auk stöðvavinnu er frjálsi leikurinn mikilvægur þar sem yngstu börnin læra í gegnum leikinn. Við pinnum, perlum og blöndum saman fjölbreyttum efnivið sem hægt er að leika með á ýmsan hátt eftir því sem hugarheimur barnanna leyfir.



Við bjuggum til leir og börnin fengu að handfjatla hann og leika með hann að vild en við megum vera mun duglegri við að búa til leir til að fjölga þeim stundum. Í vetur völdum við vísuna/þuluna „Við skulum róa sjóinn á“ sem við lærðum í tónlistarstundum. Þulan reynir á samvinnu og takt þar sem börnin setjast tvö og tvö gegnt hvort öðru og róa fram og til baka við þuluna. Börnunum þótti þetta mjög skemmtileg samvinna.

Við unnum ekki með verkefni til lengri tíma, þ.e. þemaverkefni. En hugmyndin er að bæta úr því og hafa kveikjur sem höfða til barnanna, fanga athygli þeirra og vinna út frá þeim.

Við á Gulu deildinni förum að öllu jöfnu út tvisvar sinnum á dag. Þegar fyrsti snjórinn kom sóttum við snjó inn á deild svo þau börn sem ekki fóru út þann daginn fengu að snerta og jafnvel smakka á honum. Á sumrin eykst útivera og færast þá stöðvavinna oft út í garð, þá eru settar upp stöðvar í garðinum þar sem allar deildar sameinast í stöðvavinnu, sem dæmi má nefna tásustöð á hólnum, listastöð, sápukülustöð, heimiliskrókur, kubbastöð, gönguferðir landvarða um nágrennið og margt fleira.

Eitt af markmiðum okkar á næsta ári er að kafa dýpra í skapandi starf í anda Reggio Emilia:

Á öllum deildum viljum við skoða vel þann efnivið sem boðið er upp á deildunum og leggja enn meiri áherslu á opinn efnivið. Einni viljum við gera aðgengi að verðlausum efnivið greiðara bæði í sköpun og leik. Þetta kallar á að hver deild rýni vel í sitt rými og hvaða möguleika það hefur upp á að bjóða. Mikilvægt er að börnin hafi aðgengi að fjölbreyttum og náttúrulegum efnivið sem hvetur þau til að læra, rannsaka og skapa.

Í skapandi starfi á listastöð vilji leggja meiri áherslu á val og vinna út frá áhuga barnanna. Að það þurfi ekki allir að gera eins en allir gera eitthvað og minna okkur á að það er ferlið sem skiptir máli en ekki útkoman.

Það sem við þurfum líka að skoða vel og skilgreina betur er hlutverk starfsmanna í námi barna og sem skráningaraðila. Þar viljum við sérstaklega einblína á það að starfsmaður standi ekki í vegi fyrir skapandi flæði barns t.d. með því að kalla á barn sem er á kafi í leik/verkefni af því það „þarf“ að klára ákveðið verkefni á annarri stöð. Okkur langar að gera tilraunir með að auka enn meir flæði í starfinu og að börnin hafi aukið val um hvaða viðfangsefni verða fyrir valinu hverju sinni. Á Gulu deildinni væri gaman að prófa meira flæði innan deildarinnar. Ef efniviðurinn verður uppfærður þá þarf könnunarleikurinn ekki að vera á afmörkuðum tíma eins og hann hefur verið. Allur frjáls leikur yrði í raun könnunarleikur og listastöðin myndi flæða með leiknum.

Frá upphafi hafa skráningar skipað stóran sess í faglegu starfi Regnbogans. Í lok maí á hverju ári fá börnin námsbókina sína sem inniheldur skráningar og listaverk frá skólaárinu. Við gerum skráningar sýnilegar á veggjum skólans fyrir börn, foreldra og gesti skólans. Á næsta skólaári viljum við samræma betur skráningarformið á milli deilda. Við erum svo heppin að hjá okkur er starfsmaður sem er bæði ljósmyndari og grafískur miðlari sem hefur tekið að sér að setja upp staðlað skráningarform sem býður upp á marga möguleika bæði til myndrænna og skriflegra skráninga. Það verður gaman að prufa sig áfram með það á næsta ári.

Tækifæri til umbóta:

- Kafa enn dýpra í Reggio hugsunina og vinnu.
- Hafa a.m.k. eina kveikju f. áramót og aðra e. áramót.
- Geri oftast leir og bjóða þeim meira að leira
- Skapa meiri aðgengi að opnum efnivið fyrir börnin
- Hafa meira flæði í stöðvavinnu og opið á milli stöðva
- Fríska upp á könnunarleikinn, fara yfir og henda og nota hugmyndaflugið til að bæta efnivið inn í hann. Færa könnunarleikin inn í frjálsa leikinn

Umbótaáætlun **Gulu deildar** fyrir skólaárið 2020-2021

Deildin vinnur að sameiginlegum áherslum skólans auk markmiða sem fram koma í töflunni hér fyrir neðan.

Umbótaþættir Hvað þarf að bæta?	Markmið með umbótum?	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; Hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vinátta	Leikskólinn heldur áfram að þróa vinnu með Vináttuverkefnið og blæ.	Hver deild hefur sett sér markmið í vinnu með Vináttu verkefni og vinna að þeim á skólaárinu.	Skólaárið 2020-21	Skólastjóri Deildarstjórar Starfsmenn	Á deildafundum og deildarstjórafundum reglulega yfir árið	Að börn eigi jákvæð og samskipti og góð félagsleg tengsl. Að þau læri samkennd, virðingu og umburðarlyndi og færni til að leysa úr ágreining.
Skapandi starf í anda Reggíó Emilia	Að skapandi starf í anda Reggio Emilia verði enn öflugar í leikskólanum	Námskeið í Reggiofræðum á fyrsta starfsdegi. Deildarstjórar halda vel utan um faglegt starf og miðla til starfsmanna. Námsferð til Reggio Emilia?	Skólaárið 2020-2021	Skólasstjóri Deildarstjóri Allir strfsmenn	Deildafundum, deildarstjórafundum og starfsdögum	Allir starfsmenn leikskólans eru samtaka í að vinna í anda Reggio Emilia. Námsumhverfi barnanna endurspeglar stefnuna.
Skapandi starf í anda Reggíó Emilia	Börnin hafi greiðan aðgang að verðlausum efnivið í hverskonar sköpun.	Auka aðgengi að verðlausum efnivið – skoða umhverfið á deildinni og breyta með markmiðið í huga.	Skólaárið 2020-21	Deildarstjóri Starfsmenn deilda	Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum og deildarstjórafundum.	Börnin geta nýtt sér fjölbreyttan og opinn efnivið í leik og sköpun.
Skapandi starf í anda Reggíó Emilia	Börnin fái svigrúm til að sökkva sér ofan í verkefni og njóti þess að vera í flæði.	Flæði í stöðvavinnu verði aukið og börnin hafi aukið val um hvað þau taka sér fyrir hendur.	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjóri Starfsmenn deilda	Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum og deildarstjórafundum.	
Hlutverkstarfsmanna í námi barna og sem skráningaraðili	Starfsmenn styðji fallega við leik, samskipti og nám barnanna og öðlist færni í að skrá á mismunandi hátt.	Námsskeið á starfsdegi Umræður á deildarfundum	Skólaárið 2020-21	Skólastjóri Deildarstjóri	Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum	Starfsmenn styðji fallega við leik og samskipti barnanna og öðlist færni í að skrá á mismunandi hátt.
Námsbók barnanna	Samræmi sé í námsbókum barnanna milli deilda hvað varðar uppsetningu ofl.	Búið verði til staðlað skráningarform sem býður upp á marga möguleika bæði til myndrænna- og skriflegra skráninga	Skólaárið 2020-2021	Ágústa/Skólastjóri	Að vori	Samræmi er í skráningum barnanna milli deilda sem eining upplýsa og fræða foreldra um hvað liggur að baki starfi Regnbogans.
Vinadagur	Skapa flæði í húsinu þar sem bæði börn og starfsfólk flæða á milli stöðva í húsinu	Vinadagar verði 6x yfir árið frá sept-mars	Okt.-apríl	Binna, Björg, Katarzyna	Deildarfundum reglulega yfir árið	Starfsmannakönnun
Upplýsingaflæði til foreldra	Foreldrar séu vel upplýstir um starfið á deildinni	Fréttir af starfinu sendar með tölvupósti	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjórar		Foreldrar eru vel upplýstir um starfið á deildinni
Upplýsingaflæði frh.	Foreldrar fái reglulega fréttir af daglegu lífi deildanna í leikskólanum	*Deildar senda fréttir með tölvupósti á ca. 1-2 vikna fresti. *Skólastjóri setji alm. fréttir á heimasíðu og haldi áfram að senda út fréttabréf ca. 4-5x á ári.	Skólaárið 2019-20	Deildarstjórar	Á deildarstjórafundum.	Foreldrakönnun



Björg Þorvarðardóttir

deildastjóri á Gulu

Greinargerð **Rauðu** deildar um starfið skólaárið 2019-2020

Á Rauðu deildinni dvelja að jafnaði 28 börn. Á skólaárinu 2019-20 voru 14 börn fædd 2016 og 14 fædd 2017. Með þeim voru 5 starfsmenn í heilum stöðum og einn starfsmaður í 50% stöðu, þar af 1 kennari og 3 háskólamenntaðir. Við skoðun á innra mat á starfi var ákveðið að horfa fyrst og síðast á helstu áherslur Regnbogans og hvernig til hefur tekist til við að vinna samkvæmt þeim áherslum á skólaárinu.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Nokkur viðmið til umhugsunar um gæði:

- Gildi leikskólans, Gleði – Virðing - Umhyggja eru ríkjandi í samskiptum við börn, foreldra og starfsfólk.
- Vel má sjá gildin okkar í starfi deildarinnar (starfsfólk horfi inná við-hvað geri ég?)
- Starfsfólk setur mörk af virðingu, umhyggju og yfirvegun?
- Starfsfólk er til staðar fyrir barnið og hjálpa því að skilja tilfinningar sínar (reiði, sorg, sársauka, ánægju og gleði).
- Sjá má og finna nærgætni og öryggi starfsfólks í starfinu með börnum deildarinnar.
- Lögð er áhersla á hvatningu og hrós fyrir verk, athöfn og framtak.
- Er ríkjandi gleði á deildinni okkar.
- Er þess gætt að hafna aldrei barni á nokkurn hátt þó ástæða sé til að hafna atferli.
- Ríkir eindrægni og virðing í starfsmannahópi deildarinnar (ræða á deildarfundum eins og annað sem mikilvægt er)

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

(Muna m.a. vinaþema, valdaga, litadaga, hrósviku, að vernda- og njóta náttúrunnar, að vera landvörður o.fl.)

Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum og starfsdögum metum við hvernig gengur að vinna út frá áherslum leikskólans í starfi. Starfsfólk deildarinnar var sammála um að vel gekk að vinna eftir viðmiðum. Við vinnum eftir gildum leikskólans (gleði, virðing og umhyggja) í daglegu starfi. Gildin eru sýnileg inn á deild og reynum við að innleiða þau og útskýra fyrir börnunum. Við mætum bæta

okkur í að nota aukin orðaforða og nota stór lýsandi til að kenna þeim meira inn á tilfinningar eins og þakklæti, gjafmildi, samvinna, hjálpssemi o.s.frv. Starfsfólk Rauðu deildarinnar setur mörk af virðingu, umhyggju og yfirvegun og er til staðar fyrir börnin. Við hjálpum þeim einnig að skilja tilfinningar sínar og leggjum áherslu á hvatningu og að hrósa fyrir athöfn og framtak. Við leggjum áherslu að hafna aldrei barni á nokkurn hátt þó við höfnum atferlinu. Við leggjum einnig áherslu á að það sé alltaf starfsmaður inni í hverju herbergi með börnunum til að koma í veg fyrir árekstra, hvetaj og hjálpa þeim í samskiptum. Starfsfólkið á deildinni reynir að fremsta megni að vera góðar fyrirmyndir sýna fallega framkomu hvert við annað.

Eitt aðalmarkmið skólaárisins 2019-2020 var að innleiða Vináttuverkefni Barnaheilla í skólastarfið og verðu fjallað um það hér að neðan.

Vináttuverkefni Barnaheilla

Allt starfsfólk leikskólans fór á námskeið um Vináttuverkefni Barnaheilla í september 2019. Þegar Blær kom í leikskólann fékk deildin afhenta græna tösku með námsefni fyrir 3ja - 6 ára börn. Vináttuverkefnið Blær var kærkomin viðbót í leikskólann til að vinna enn frekar með félagsfærni, vináttu, jákvæð, falleg og uppbyggjandi samskipti og tilfinningar.

Við fórum hægt af stað og í byrjun var starfsfólkið frekar óöruggt með hvernig við ættum að nýta efnið og koma því fyrir í daglegt skipulag inn á deild. Þegar allir starfsmenn voru búnir að kynna sér nánar efnið í töskunni var ákveðið að hafa vínafundina sem part af stöðvinnu fyrir hádegi frá þriðjudögum-fimmtudaga. Öll börnin fóru að minnsta kosti einu sinni í viku á vínafund með Blæ.

Græna taskan var notuð fyrir báða hópana á þessu skólaári en við komumst fljótlega að því að efnið í henni var á köflum of flókið fyrir börnin á Rauðu, sérstaklega yngri hópin. Í raun hefði gula taskan með námsefni fyrir 0-3ja ára hentað betur fyrir Rauðu deildina. Við gerðum því loðtöflusögu úr tilfinningabókinni sem er í gulu töskunni og lásum alltaf eina tilfinninga loðtöflusögu í lok lestrarstunda seinni partinn og ræddum þær með börnunum.

Í byrjun vissum við ekki alveg hvernig við áttum að skipuleggja vínafundina. Við vorum óöruggar og ætluðumst til of mikils af okkur á hverjum fundi. Við breyttum vínafundunum daglega og vorum mikið að prufa okkur áfram. Við vorum stundum með of flókin spjöld og því myndaðist lítil umræða í kringum það. Einnig byrjuðum við með nuddsögur úr grænu töskunni sem reyndust helst til of flóknar fyrir börnin okkar. Það hefði einnig verið gott að kunna lögin betur og geta útskýrt fyrir börnunum innihald textans. Við enduðum á því að fá nuddsögur úr gulu töskunni og það gekk vel.

Við erum með deildarfundi aðra hverja viku og við ræddum Blæ reglu lega þar. Við komumst að því að okkur fannst þetta flókið í byrjun og mikið efnið til að vinna úr og við vissum ekki alveg hvar við áttum að byrja. Þegar leið á skólaárið fór þetta að vera auðveldara því við kynntumst efninu betur. Við ræddum hvað mætti betur fara og hvað gengur vel. Á þessum fundum kom til dæmis sú hugmynd að hafa Blæsöngstundir. Blæsöngstund eru nú margvisst einu sinni í viku fyrir allan hópin og var góð leið fyrir bæði börn og starfsfólk að læra lögin. Inn á milli gripum við svo í lögin hans Blæs í frjálsum leik. Við bjuggum til hreyfingar við nokkur lög sem börnunum fannst skemmtilegt.



Á starfsdegi í janúar var sameiginlegt miðannarmat með öllu starfsfólki leikskólans á því hvernig gengi að innleiða verkefnið á deildum. Hver deild sagði frá hvernig gekk að innleiða verkefnið og hvernig unnið væri með það. Það var mjög gagnlegt að heyra frá hinum deildunum og góðar umræður sem sköpuðust. Okkur fannst Gula deildin hafa skipulagt vínafundina sína þannig að þeir voru einfaldir og komu efniinu vel til skila. Þær nýttu efnið vel og okkur langaði að kynna okkur það betur. Eftir starfsdaginn fór allt starfsfólk deildarinnar í heimsókn á Gulu deildina til að sjá hvernig þær voru með vínafundina til að fá hugmyndir fyrir okkar fundi. Eftir að við fórum í heimsókn á Gulu deildina áttuðum við okkur á því að við höfðum miklað þetta fyrir okkur. Við ákváðum að breyta vínafundunum okkar og náðum að skipuleggja þá betur. Við þurftum svo að prófa okkur áfram varðandi fjölda og hópasamsetningu á vínafundunum okkar. Við enduðum á því að hafa 4 til 5 vini



saman í hóp. Vínafundirnir eru róleg stund þar sem 4 til 5 börn fara afsíðis í ró og næði með kennara og stóra Blæ. Það settust allir saman í hring og heilsuðu Blæ yfirleitt með knúsi. Börnin voru spurð hvernig þeim líði og tilfinningar þeirra ræddar. Á vínafundum var eitt Blæspjald valið og tekin umræða um það og svo var hlustað á eitt eða tvö lög og stundum leikir með því. Í lokinn á vínafundunum var nuddstund þar sem kennarinn las nuddsögur sem er partur af námsefninu. Þegar starfsfólkið var orðið öruggt og skipulagði komið á hreint gengu vínafundirnir mjög vel.

Við fundum fyrir meira öryggi eftir heimsóknina á Gulu deildina. Starfsfólkið fóra að þekkja efnið betur og var því auðveldara að taka það til og undirbúa Vínafundi.

Við ákváðum einni að gera námsefnið aðgengilegar með því að velja hvaða efni við vildum nota úr töskunni t.d. spjöld og fundum stað fyrir þau upp í hillu á deildinni. Við byrjuðum að grípa í efnið oftar eftir að það var aðgengilegra til að nota í frjálsum leik til að fá ró. Á þessum starfsdeginum í janúar óskuðum við eftir því að fá litla Blæ fyrr en áætlað var því það var barn að koma yfir á okkar deild frá yngstu deildinni. Barnið var komið með litla Blæ á sinni deild og litli Blær kom með barninu yfir. Börnin sem voru fyrir á deildinni voru mjög upptekin af litla Blæ og þess vegna báðum við um að fá litla Blæ fyrr. Það frestaðist þó útaf Covid. Stóri Blær er aðgengilegur börnunum inn á deild og þau sækja hann af og til þegar hann þarf að huga einhvern sem líður illa. Þau hugsa um hann sem vin sinn en ekki tuskudýr sem þau leika sér með.

Í lok maí flytjast börn á milli deilda í Regnboganum og fluttust þá börnin á Gulu yfir á Rauðu og fylgdu litlu bangsarnir þeirra með. Þá var að sjálfsögðu kominn tími til að eldri hópur fengi litla Blæ bangsa og kom sending frá Ástralíu. Það var pakki og stórt bréf. Starfsmaður las bréfið fyrir börnin og svo var litli Blær í pakkanum. Öll eldri börnin voru mjög spennt og þegar þau fengu litla Blæ og voru þau yfir sig glöð. Börnin mega alltaf ná í litla Blæ og við eigum eftir að finna böngsunum góðan stað á deildinni þar sem hann er aðgengilegur fyrir þau. Við erum komin með hillur en það á eftir að festa þær upp. Hann má vera með



þeim í frjálsum leik og fer alltaf með þeim í hvíld. Börnin eru dugleg að tala um Blæ og sýna honum umhyggju.

Í Covid héldum við áfram með vínafundi en hóparnir breyttust. Við blönduðum árgöngunum saman í vínafundunum og sköpuðust ný og sterk vínatengsli út frá því.

Markmið fyrir næsta vetur.

- Fá námsefni fyrir yngri aldurinn á deildina.
- Stefna að því að byrja vinna með námsefnið úr grænu töskunni með eldri hópurinn
- Mögulega notum við Blæspjöldin sem eru í grænu töskunni fyrir fyrir allan hópin.
- Finna afmælisdag fyrir Blæ.
- Finna góðan stað fyrir litla Blæ inn á deild þannig að börnin hafi gott aðgengi að honum.
- Vera duglegri við að leyfa Blæ að vera virkur þátttakandi í daglegu lífi á deildinni t.d. fara með í göngutúra o.s.frv.
- Temja okkur að styðjast við efnið þegar upp koma árekstrar á deildinni og spyrja spurninga eins og: „hvað myndi Blæ gera?“
- Syngja vínáttulögin í söngstund á sal þar sem allur leikskólinn kemur saman.

Valdagur í húsi – vínadagur.

Það fór hægt af stað hjá okkur að koma þessu verkefni í framkvæmd þar sem mikið púður fór í Vínáttuverkefnið fram að áramótum. Á fyrsta deildarstjórafundi í janúar var ákveðið að hrinda verkefninu í framkvæmd. Þrír starfsmenn, einn af hverri deild mynduðu skipulagsteymi og settu upp skipulag fyrir daginn. Á þeim fundi var ákveðið að nefna daginn vínadag. Í grófum dráttum fór það þannig fram að starfsmönnum voru úthlutaðar stöðvar á víð og dreif í húsinu, 3 starfsmenn voru flakkarar sem fóru um og hjálpuðu þeim sem þurftu að fara á milli stöðva. Gætt var að því að starfsmenn blönduðust en líka að a.m.k. einn vanur starfsmaður væri eftir á hverri deild. Sett voru upp spjöld á hverri stöð sem gáfu til kynna fjölda barna sem gat verið á hverjum stað. Börnin fengu að flæða sjálf á milli stöðva. Þau tóku með mynd af sér sem þau festu á spjaldið. Einungis náðist að hafa tvo vínadaga því Covid-19 skall á, í mars. Þó það væru aðeins 2 vínadagar haldnir var mikil ánægja í húsinu með þessa daga bæði hjá börnum og starfsfólki. Í starfsmannakönnun kom fram að starfsmenn vildu halda áfram að þróa þessa daga á næsta skólaári. Við höldum því áfram með þennan umbótaþátt í umbótaáætlun.

Umbótaþættir fyrir næsta skólaár:

- Vínadagur verði 1x í mánuði, 6 sinnum (sept, okt, nóv, jan, feb, mars)
- Gula deild (yngsta deildin) – byrja að taka þátt eftir áramót fyrir utan börn fædd 2018.
- Gera tilraun með að leyfa börnunum að flæða óhindrað milli stöðva (ekki takmarka fjölda á stöðvar)



Mál og læsi

Nokkur viðmið til umhugsunar um gæði:

- Starfsfólk er duglegt að setja orð á athafnir og hluti í daglegu lífi barnanna, eiga samræður og vekja til umhugsunar um lífið og tilveruna.
- Markvissar lestrarstundir eru a.m.k. 2 x á dag
- gott er að lesa 4- 6 x á dag stuttar bækur m.a. bendibækur fyrir yngri börnin og fá barnið til að segja orðið/heitið. Notað öll tækifæri sem bjóðast til að setjast með barn í fang og lesa fyrir litlu börnin.
- Ritmálið er gert sýnilegt á deildinni t.d. með merkingum/skráningum, nafni barnanna, heiti dýra, hugtökum s.s. um liti og á formum, Lubbaplakötum o.m.fl.
- Börnunum er kennt að handfjalla bækur, skoða þær fallega og ganga vel um þær.
- Unnið er markvisst með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ á deildinni.
- Markvissar söngstundir eru 2 x á dag a.m.k. og söngur flæðir um starfið.
- Niðurstöður úr Hljóm-2 (á Grænu)

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Mál og læsi fléttast inn í allt daglegt starf á Rauðu deildinni. Í samverustundum notum við fjölbreyttan efnivið til málörvunar. Við tölum um veðrið og hvernig við klæðum okkur í samræmi við það. Æfum okkur að ríma og förum í ýmsa málörvunarleiki, spyrjum spurninga, veltum fyrir okkur notkun hluta, æfum okkur að fylgja einföldum fyrirmælum og æfum andstæðu- og afstöðuhugtök svo eitthvað sé nefnt.

Í samverustundum var einnig markvisst unnið með *Lubbi finnur málbein*. Þar eru málhljóðin, ásamt táknum fyrir hvert hljóð, lögð inn í tileinkunar röð barnanna. Fyrir eldri hóp lesum við líka sögu sem fylgir hverju málhljóði og eitt málhljóð er lagt inn í hverri viku. Það er mjög vinsælt að fá að knúsa og klappa hundabrúðinni Lubba og hlusta á lögin.

Á miðvikudögum vorum við með Lubbasöngstundir. Söngstundirnar eru skipulagðar á fjölbreyttan hátt, þar sem börnin til dæmis: velja lög sjálf eða draga úr krukku o.fl.

Verkefnið *Lestrarsprettur með Lubba* fór fram í marslok. Þetta er annað árið sem verkefnið fer fram en því er ætlað að gera mál- og læsi enn hærra undir höfði og sýnilegri og bjóða börnum og foreldrum með okkur í lestrarsprett. Spretturinn stóð yfir í 2 vikur. Börnin fengu heim með sér blað með málbeinum, á beinin skrifuðu foreldrar eða börnin nafnið sitt og heiti bókar sem lesin var. Börnin komu síðan með beinin í leikskólann og hengdu upp hjá Lubba á sinni deild. Starfsmenn gerðu einnig málbein yfir þær bækur sem lesnar voru á leikskólanum. Það var gaman að sjá að bæði börn, foreldrar og starfsfólk voru áhugasöm um verkefnið og safnaðist í dagott málbeinafjall á Rauðu deildinni. Börnin á Rauðu deildinni lásu 260 bækur í þessum tveggja vikna lestrarspretti.



Ritmálið er gert sýnilegt á deildinni með ýmsum hætti, hirslur undir dót eru merktar, nöfn barnanna eru sýnileg, Lubbaplakat hangir uppi og margt fleira. Einnig eru tölustafir sýnilegir inn á deild. Við hengjum upp öll Lubbaspjöldin í byrjun skólaárs og börnin sýna þeim mikinn áhuga.



Bókakosturinn er góður í skólanum og börnin hafa aðgang að bókunum til að setjast niður í rólegheitum og fletta sjálf eða með starfsfólki. Við höfum eina skipulagða lestrastund á dag í 9-10 barna hópum en lesum með þeim oft á dag þess á milli. Við syngjum mikið og förum með þulur í skipulögðum söngstundum 2x á dag. Á þessu skólaári bættum við rólegum samverustundum eftir síðdegislesturinn. Við vorum með fimm mismunandi þemu í samverunni sem rúlluðu milli hópa og daga, þau voru: *Tilfinningar*, *Jóga*, *málörvun*, *ipad* og *stærðfræðileg hugsun*. Í *Tilfinningstund* vorum við til dæmis að nota tilfinningabréður, lásum bækur um tilfinningar og förum í leiki. Hér nýttist námsefni úr *Vináttu* verkefninu vel og loðtöflusögurnar sem við bjuggum til úr námsefninu. Tilfinningarnar voru, *tillhökkun*, *feimni*, *depurð*, *ópolinnæði*, *pirringur*, *hræðsla*, *leiði*, *reiði*, *huggun* og *gleði*. Við eigum nokkrar jógabækur og spjöld sem við notuðum í *jógastundunum*. Í *málörvunarstund* notuðum við alls konar efnivið til að auka og örva mál hjá börnunum. Við buðum líka uppá *iPadstund* og notuðum þá þjálfunaröpp. Í *stærðfræðistundum* notuðum við tölustafapúsl, bækur um tölustafi og spil



Í Regnboganum er mikil áhersla á að náttúrulæsi. Við á Rauðu deildinni setjum fram hugtök tengt því eins og árstíðirnar, veður, blóm, tré og fuglar. Við lærum, nýtum og styrkjum orðaforða um náttúruna í göngutúrum um umhverfi leikskólans. Vegna Covid fórum við í fleiri gönguferðir í mars og apríl því deildarnar máttu ekki vera á sama tíma úti í leikskólagarðinum. Við fórum í gönguferðir þrisvar sinnum í viku í blönduðum hópum. Börnin voru mjög ánægð með þetta en undirlokin voru þau orðin smá leið á því að vera alltaf í gönguferðum. Þau þjálfuðust samt mikið á þessu tímabili og lærðu að þekkja hverfið betur og lesa í náttúruna sem hér er.

Börnin hlustuðu einnig mikið á sögur. Eldri hópurinn hlustaði alltaf á sögur í hvíldinni sinni og svo settum við oft sögur í gang í frjálsum leik hjá börnunum. Börnin hlustuðu einnig á sögur þegar þau voru að koma inn úr útiveru og meðan hreinlætisþjálfun stóð yfir Sögurnar sem við hlustuðum helst á voru *Dýrin í Hálsaskógi*, *Lína Langsokkur*, *Pétur og úlfurinn*, íslenskar þjóðsögur, srimslíð litla systir mín og sögurnar eftir H.C Andersen.

Við metum starfið reglulega yfir skólaárið m.a á deildarfundum og starfsdögum. Við ræðum og metum hvernig gengur að vinna út frá áherslum leikskólans. Starfsfólk deildarinnar er sammála um að vel gekk að vinna eftir áherslum. Það sem helst mætti bæta er að reyna að fækka í lestrarstunum. Í byrjun skólaárs voru bækurnar ekki eins sýnilegar og fyrr en við færðum þær og þá gátu börnin betur skoðað bækurnar. Það mætti prufa að koma bókunum inn í frjálsan leik og athuga hvort að börnin skoði þær eða biðja starfsfólkið um að lesa fyrir sig.

Umbótaþættir fyrir næsta skólaár?

- Halda áfram á sömu braut
- Taka bækur með sér í gönguferðir og hafa lestrarstundir úti
- Hafa harðspjaldabækur aðgengilegri í frjálsum leik



Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Nokkur viðmið til umhugsunar um gæði:

- Umhverfi og efniviður barnanna hvetur til könnunar, fjölbreyttra leikja og uppgötvana í daglegu starfi, inni við jafn sem úti, í náttúru og umhverfi.
- Börnunum eru sköpuð rík tækifæri til uppgötvana og til að vera skapandi í leik og starfi.
- Áhugasvið barnanna skal ráða för í vali á verkefnum eftir því sem kostur er.
- Listsköpun er á forsendum barnanna.
- Áhersla í sköpun er á ferlið sjálft en ekki útkomu þess.
- Kennarar og starfsfólk skal vera börnunum góðar fyrirmyndir og sýna fallega framkomu.
- Sjá má og finna að virðing ríkir fyrir börnum og samstarfsfólki.

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Á Rauðu deildinni förum við í stöðvavinnu þrjá morgna í viku þar sem börnin vinna á fjölbreyttum stöðvum í litlum hópum, 4-5 börn saman. Á stöðvum er m.a. unnið með kubba, spil, könnunarleik, leir, finnhreifinga, ljós og skugga og hlutverkaleik með dúkkur, mat, búninga o.m.fl.).

Eftir endurmatsfund deildastjóra kom í ljós að við viljum innleiða Reggio stefnuna betur inn í starfið okkar. Við ætlum að þróa stöðvavinnuna betur, hafa opið á milli stöðva þannig að börnin geta flætt á milli. Við viljum veita börnum frelsi til að velja það sem samsvarar áhugamálum þeirra en einnig beina þeim á aðrar stöðvar svo þau kynnist sem fjölbreyttustum efnivið.



Á listastöð bjóðum við upp á fjölbreytt verkefni og efnivið sem börnin velja sjálf úr og skapa sín verk þannig að hvert og eitt listaverk er einstakt. Börnin kynnast ýmsum aðferðum og efnivið í gegnum listsköpun, þau klippa, líma, teikna og mála með ýmsum aðferðum s.s. penslum, fingrum, tám, stráum, bílum o.m.fl. Verkefni eru stundum tengd við ákveðin þemu (t.d. vinátta, líkaminn), árstíð, veðrið fyrir utan gluggann eða öðru sem vekur áhuga barnanna.

Ljósastöð er ein vinsæl stöð í Reggiostarfi. Við notum myndvarpa yfir vetrarmánuðina þegar er dimmt á morgnana á stöðinni. Þar elska börnin að leika með ljós og skugga, með glær og lituð ljós. Á Rauðu deildinni notum bæði myndvarpa og ljósaborð, húsdýr, íspinna, seglukubba, mikið af verðlausu efni, litaðar glærur o.fl. o.fl.



Frjálsa leiknum er gefið mikið rými á deildinni þar sem börnin velja úr þeim efnivið sem er í boði og höfðar til þeirra áhuga. Í vetur hafa börnin verið sérstaklega áhugasöm um kubba af ýmsu tagi eins og einingakubba, kaplakubba, litaða trékubba og seglukubba. Áhugi barnanna kallar á að blanda öðrum efnivið við leikinn t.d. dýr, kalla, bíla, efnisbúta o.fl.

Á sumrin eykst útivera og færist þá stöðvavinna oft út í garð, þá eru settar upp stöðvar í garðinum þar sem allar deildar sameinast í stöðvavinnu, sem dæmi má nefna tásustöð á hólnum, listastöð, sápukülustöð, heimiliskrókur, kubbastöð og fleira.

Eitt af markmiðum okkar á næsta ári er að kafa dýpra í skapandi starf í anda Reggio Emilia:

Á öllum deildum viljum við skoða vel þann efnivið sem boðið er upp á, á deildunum og leggja enn meiri áherslu á opinn efnivið. Einnig viljum við gera aðgengi að verðlausum efnivið greiðara bæði í sköpun og leik. Þetta kallar á að hver deild rýni vel í sitt rými og hvaða möguleika það hefur upp á að bjóða. Mikilvægt er að börnin hafi aðgengi að fjölbreyttum og náttúrulegum efnivið sem hvetur þau til að læra, rannsaka og skapa.

Í skapandi starfi í stöðavinnu viljum við leggja meiri áherslu á val og vinna enn betur út frá áhuga barnanna. Að það þurfi ekki allir að gera eins en allir gera eitthvað og minna okkur á að það er ferlið sem skiptir máli en ekki útkoman.

Það sem við þurfum líka að skoða vel og skilgreina betur er hlutverk starfsmanna í námi barna og sem skráningaraðila. Þar viljum við sérstaklega einblína á það að starfsmaður standi ekki í vegi fyrir skapandi flæði barns t.d. með því að kalla á barn sem er á kafi í leik/verkefni af því það „þarf“ að klára ákveðið verkefni á annarri stöð. Okkur langar að gera tilraunir með að auka enn meir flæði í starfinu og að börnin hafi aukið val um hvaða viðfangsefni verða fyrir valinu hverju sinni.



Frá upphafi hafa skráningar skipað stóran sess í faglegu starfi Regnbogans. Í lok maí á hverju ári fá börnin námsbókina sína sem inniheldur skráningar og listaverk frá skólaárinu. Við gerum skráningar sýnilegar á veggjum skólans fyrir börn, foreldra og gesti skólans. Á næsta skólaári viljum við samræma betur skráningarformið á milli deilda. Við erum svo heppin að hjá okkur er starfsmaður sem er bæði ljósmyndari og grafískur miðlari sem hefur tekið að sér að setja upp skráningarform sem býður upp á marga möguleika bæði til myndrænna og skriflegra skráninga. Það verður gaman að prufa sig áfram með það á næsta ári.

Umbótaþættir fyrir næsta skólaár?

- Kafa enn dýpra í Reggio-hugmyndafræðina
- Hafa enn meira flæði í stöðvavinnu. Hafa opið á milli stöðva
- Á listastöð þurfa börnin ekki að klára sama verkefnið og það verður ekki skylda að taka þátt í öllum verkefnum sem börnunum er boðið í. Frekar að hlusta/fylgja áhugamálum barnanna.
- Hlusta betur á áhuga barnanna
- Hafa fleiri stöðvar í boði ef það er nógu mikið af starfsfólk
- Búa til skráningarskjal fyrir herbergin svo við sjáum hvar börnin eru að leika sér og hvar áhugi þeirra liggur.
- Gera enn meira af skriflegum skráningum
- Hafa meiri aðgengi að opnum efnivið fyrir börnin
- Fríska upp á könnunarleikinn, fara yfir og henda og nota hugmyndaflugið til að bæta efnivið inn í hann
- Nota speglana okkar oft

Katarzyna Niznik

deildastjóri á Rauðu

Umbótaáætlun **Rauðu deildar** fyrir skólaárið 2020-2021

Deildin vinnur að sameiginlegum áherslum skólans auk markmiða sem fram koma í töflunni hér fyrir neðan.

Umbótaþættir Hvað þarf að bæta?	Markmið með umbótum?	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; Hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vínátta	Leikskólinn heldur áfram að þróa vinnu með Vínáttuverkefnið og blæ.	Hver deild hefur sett sér markmið í vinnu með Vínáttu verkefni og vinna að þeim á skólaárinu.	Skólaárið 2020-21	Skólastjóri Deildarstjórar Starfsmenn	Á deildafundum og deildarstjórafundum reglulega yfir árið	Að börn eigi jákvæð og samskipti og góð félagsleg tengsl. Að þau læri samkennd, virðingu og umburðarlyndi og færni til að leysa úr ágreining.
Vínátta	Blæ verður taka virkan í daglegu lífi á Rauðu	Nota Blæ meira í umræðu um tilfinningar og í daglegu lífi á deildinni		Starfsmenn deildarinnar	Vor 2021	
Skapandi starf í anda <i>Reggio Emilia</i>	Að skapandi starf í anda Reggio Emilia verði enn öflugar í leikskólanum	Námskeið í Reggiofræðum á fyrsta starfsdegi. Deildarstjórar halda vel utan um faglegt starf og miðla til starfsmanna. Námsferð til Reggio Emilia?	Skólaárið 2020-2021	Skólasstjóri Deildarstjóri Allir strfsmenn	Deildafundum, deildarstjórafundum og starfsdögum	Allir starfsmenn leikskólans eru samtaka í að vinna í anda Reggio Emilia. Námsumhverfi barnanna endurspeglar stefnuna.
Skapandi starf í anda <i>Reggio Emilia</i>	Börnin hafi greiðan aðgang að verðlausum efnivið í hverskonar sköpun.	Auka aðgengi að verðlausum efnivið – skoða umhverfið á deildinni og breyta með markmiðið í huga.	Skólaárið 2020-21	Deildarstjóri Starfsmenn deilda	Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum og deildarstjórafundum.	Börnin geta nýtt sér fjölbreyttan og opinn efnivið í leik og sköpun.
Skapandi starf í anda <i>Reggio Emilia</i>	Börnin fái svigrúm til að sökkva sér ofan í verkefni og njóti þess að vera í flæði.	Flæði í stöðvavinnu verði aukið og börnin hafi aukið val um hvað þau taka sér fyrir hendur.	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjóri Starfsmenn deilda	Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum og deildarstjórafundum.	
Hlutverkstarfsmanna í námi barna og sem skráningaraðili	Starfsmenn styðji fallega við leik, samskipti og nám barnanna og öðlist færni í að skrá á mismunandi hátt.	Námsskeið á starfsdegi Umræður á deildarfundum	Skólaárið 2020-21	Skólastjóri Deildarstjóri	Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum	Starfsmenn styðji fallega við leik og samskipti barnanna og öðlist færni í að skrá á mismunandi hátt.
Námsbók barnanna	Samræmi sé í námsbókum barnanna milli deilda hvað varðar uppsetningu ofl.	Búið verði til staðlað skráningarform sem býður upp á marga möguleika bæði til myndrænna- og skriflegra skráninga	Skólaárið 2020-2021	Ágústa/Skólastjóri	Að vori	Samræmi er í skráningum barnanna milli deilda sem eining upplýsa og fræða foreldra um hvað liggur að baki starfi Regnbogans.
Vínadagur	Skapa flæði í húsinu þar sem bæði börn og starfsfólk flæða á milli stöðva í húsinu	Vínadagar verði 6x yfir árið frá sept-mars	Okt.-apríl	Binna, Björg, Katarzyna	Deildarfundum reglulega yfir árið	Starfsmannakönnun

Upplýsingaflæði til foreldra	Foreldrar séu vel upplýstir um starfið á deildinni	Fréttir af starfinu sendar með tölvupósti	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjórar		Foreldrar eru vel upplýstir um starfið á deildinni
Upplýsingaflæði frh.	Foreldrar fá reglulega fréttir af daglegu lífi deildanna í leikskólanum	*Deildar senda fréttir með tölvupósti á ca. 1-2 vikna fresti. *Skólastjóri setji alm. fréttir á heimasíðu og haldi áfram að senda út fréttabréf ca. 4-5x á ári.	Skólaárið 2019-20	Deildarstjórar	Á deildarstjórafundi.	Foreldrakönnun



Greinargerð **Grænu** deildar um starfið skólaárið 2019-2020

Grænu deildinni er að jafnað 30 barna, tveir 15 barna árgangar en á síðasta starfsári voru að hluta til þrír árgangar, 13 börn fædd 2014, 14 börn fædd 2015 og 3 börn fædd 2016. Í skýrslunni fjöllum við um eldri hóp (árgangur 2014) og svo yngri hóp (árgangar 2015-16).

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Nokkur viðmið til umhugsunar um gæði við endurmat á deildarstarfi:

- *Gildin leikskólans virðing, gleði og umhyggja eru ríkjandi í samskiptum við börn, foreldra og starfsfólk. Vel má sjá gildin í starfsemi deildarinnar (starfsfólk horfi inná við-hvað geri ég?)*
- *Starfsfólk setur mörk af virðingu, umhyggju og yfirvegun*
- *Starfsfólk er til staðar fyrir barnið og hjálpa því að skilja tilfinningar sínar (reiði, sorg, sársauka, ánægju og gleði).*
- *Sjá má og finna umhyggju og virðingu starfsfólks fyrir börnum deildarinnar.*
- *Lögd er áherslu á hvatningu og hrós fyrir verk, athöfn og framtak.*
- *Gleði og léttleiki er ríkjandi á deildinni (sbr.gildin okkar).*
- *Þess er gætt að hafna aldrei barni á nokkurn hátt þó ástæða sé til að hafna atferli.*
- *Ríkir eindrægni og virðing í starfsmannahópi deildarinnar (ræða það á deildarfundum eins og annað sem mikilvægt er)*

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

(Muna m.a. vinaþema, valdaga, litadaga, hrósviku, að vernda- og njóta náttúrunnar, að vera landvörður o.fl.)

Á reglulegum deildarfundum og starfsdögum yfir skólaárið metum við hvernig gengur að vinna út frá áherslum leikskólans í starfi. Starfsfólk deildarinnar var sammála um að vel hefði gengið að vinna í takt við gildi skólans, gleði, virðing og umhyggja. Þar er átt við bæði börn og foreldra. Starfsmenn eru sammála um að við sýnum öllum virðingu. En það er misjafnt hvað hvert og eitt barn sækir í samskipti við starfsmenn þegar þau eru feimin eða örugg og á þetta einnig við um foreldra. Gildi skólans eru vel sýnileg á deildinni en við þurfum alltaf að vera meðvituð um hvað við segjum og komum fram þegar börnin heyra eða sjá til. Það er mikilvægt að við séum til staðar fyrir börnin og leiðbeinum þeim á jákvæðan hátt, til að hjálpa þeim að skilja tilfinningar sínar og setja orð á þær. Almennt er gleði á deildinni meðal barnanna og ef einhver á erfitt þá er boðið uppá að þau jafni sig í rólegheitum og ekki er óalgengt að önnur börn sýni samhygd og komi til að hugga vini sína.

Við gætum þess að virðing og gleði ríki í starfsmannahópnum, að allar skoðanir séu virtar og ræddar, þó við séum ekki alltaf sammála. Gott er að heyra sjónarmið allra og ræða allar hliðar málanna. Þá tala starfsmenn einnig um að við þurfum að vera dugleg við að hrósa hvert öðru alveg eins og við hrósum börnunum.

Eitt aðalmarkmið á skólaárinu 2019-2020 var að innleiða Vináttuverkefni Barnaheilla í skólastarfið og verðu fjallað um það hér að neðan.

Vináttuverkefni Barnaheilla

Allt starfsfólk leikskólans fór á námskeið um Vináttuverkefni Barnaheilla í september 2019. Þegar Blær kom í leikskólann fékk deildin afhenta græna tösku með námsefni fyrir 3ja – 6 ára börn. Vináttuverkefnið var kærkomin viðbót í leikskólann til að vinna enn frekar með félagsfærni, vináttu, jákvæð, falleg og uppbyggjandi samskipti og tilfinningar.

Eftir að hafa farið á námskeiðið var fræðsluefnið um vináttu innleitt á Grænu deildina, farið var hægt af stað svo að starfsmenn gætu fetað sig áfram og tileinkað sér verkefnið. Við þurftum að aðlaga

verkefnið að dagskipulagi deildarinnar. Þegar starfsmenn voru búnir að kynna sér innihald töskunnar var hægt að stíga fyrstu skrefin. Á haustönn var mikill undirbúningur og vinna í gangi hjá elstu börnunum við árlega leikritagerð þeirra. Þannig að eldri börn deildarinnar byrjuðu ekki í hefðbundnum vinastundum fyrr en í desember.

Starfsmenn yngri barnahópsins gátu fljótlega komið verkefninu inn í skipulagið eftir að námskeiðinu lauk. Búnir voru til litlir hópar 5-8 börn í hóp og fór hver hópur 1x í viku, í okt.-feb. Vinastundirnar hófust á því að fara inn í leikstofu og setjast niður á hringlaga dúk, lækka röddina og finna ró og næði.

Bangsinn Blær gekk hringinn á milli barnanna í upphafi vinastundar og hvert og eitt þeirra að sagði góðan daginn við Blæ. Meðan börnin voru að koma sér fyrir var lagið *Bangsi minn* spilað undir. Síðan var lesin saga úr Blæ töskunni eða tekið fyrir spjald. Eftir lesturinn voru þær tilfinningar sem komu fram í sögunni og á spjöldunum ræddar. Börnin voru fljót að tileinka sér umræður og dugleg að segja frá eigin tilfinningum. Eftir umræðurnar var farið í slökunarstund, þar var börnunum kennt að nudda bakið hvert á öðru, en einnig passað vel að virða óskir þeirra sem vildu ekki taka þátt. Í lok Vinastundar fór Blær á milli og fékk knús og þakkir fyrir stundina.

Hjá eldri barnahópnum (13 börn) voru umræðuspjöldin öðru hvoru tekin með inn í samverustundir frá október – desember, en nýttust sérstaklega vel ef upp kom ágreiningur milli barnanna. Í desember urðu fastar Vinastundir með umræðuspjöldum hjá þeim eldri einu sinni í viku, í 6-7 barna hóp á föstudögum. Auk þess kom efnið inn í samverustundirnar þegar við átti.

Vinastundirnar sem fóru í gang hjá eldri hópnum í desember voru byggðar eins upp og lýst er hér að ofan. Ekki voru allir tilbúnir í upphafi til að taka þátt í að strjúka bakið á vini sínum í slökunarstundum og þá var þeim bara gefinn tími til aðlögunar og allir farnir að taka þátt eftir 3-4 vikur.

Vinastundir eldri hópsins þróuðust í kynskiptar stundir í desember vegna töluverðs ágreinings í strákahópnum og teljum við að það hafi verið góð ákvörðun að kynskipta hópnum. Þar með náðist að leysa ágreining strákanna og þeir tjáðu sig meira í þessum aðstæðum heldur en í blönduðum hóp. Eftir nokkurra vikna vinnu nægði, ef upp kom ágreiningur, að spyrja drengjahópinn „Hvað hefði Blær gert núna“.

Þess má geta að stóri Blær er alltaf aðgengilegur á deildinni í hæð barnanna og geta þau alltaf leitað til hans sem huggara og voru börnin farin að ná í hann og rétt hann öðru barni sem var dapurt eða átti erfitt.

Deildarfundi eru í annarri hverri viku og við ræddum m.a. starfið með Blæ reglulega þar. Við komumst að því að almennt reyndist starfsmönnum auðvelt að ná fram góðu spjalli meðal barnanna eftir að hafa lagt inn eitt og eitt spjald úr töskunni eða lesið sögu. Hins vegar fannst starfsmönnum erfiðara að lesa slökunarsögurnar og kenna börnunum nuddið á sama tíma. Starfsmenn lásu því sögurnar og lærðu þær til að geta aðstoðað börnin við að nudda hvert annað sem gekk mun betur. Vinaverkefni Barnaheilla um vináttu er aðgengilegt og gott að vinna með á elstu deild leikskólans.

Á starfsdegi í janúar var sameiginlegt miðannarmat með öllu starfsfólki leikskólans um innleiðingu verkefnisins á deildum. Hver deild sagði frá hvernig gekk að innleiða verkefnið og hvernig unnið væri með það. Það var mjög gagnlegt að heyra frá hinum deildunum og góðar umræður sem sköpuðust. – Blær reyndist meiri huggari en við töldum í fyrstu. Samræðuspjöldin hafa reynst vel á Grænu deildinni og gott að taka þau inn í umræðu í barnahópnum, án mikils undirbúnings. Í janúar var barnahópurinn orðin nokkuð flinkur að tileinka sér úrlausnir Blæs, ef upp komu deilur.

Á endurmatsfundinum komust við einnig að því að á Grænu deildinni væri betra að hafa tvö eintök að stóra Blæ til að geta verið með tvær Vinastundir samtímis. Þá urðum við sammála um að ekki væri nauðsyn að fá litlu Blæi inn á Grænu deildina, þeir kæmu með börnunum af Rauðu deildinni þegar þau flyttu yfir á Grænu.

Þegar Covid fór í gang datt nánast niður öll skipulögð vinna með vinaverkefni Blæs en við vorum aðeins farinn að prufa leikina í verkefnabókinni fyrir þann tíma. Við höldum því áfram að þróa Vináttuverkefnið í starfinu á næsta ári.

Markmið næsta skólaárs.

- Starfsmenn rifji upp námsefnið og skoði það jafnt og þétt.
- Að halda áfram á sömu braut.
- Við ætlum að hafa stúlkur og drengi saman í hópum í upphafi árs, en frá reynslu fyrra árs komum við til með að kynskipta hópunum ef með þarf.
- Bjóða Blæ með í gönguferðir.
- Viðhalda spurningunni ef upp kemur ágreiningur „Hvað hefði Blær gert núna?“.

Valdagur – vinadagur.

Það fór hægt af stað hjá okkur að koma þessu verkefni í framkvæmd þar sem mikið púður fór í Vináttuverkefnið fram að áramótum. Á fyrsta deildarstjórufundi í janúar var ákveðið að hrinda verkefninu í framkvæmd. Þrír starfsmenn, einn af hverri deild mynduðu skipulagsteymi og settu upp skipulag fyrir daginn. Á þeim fundi var ákveðið að nefna daginn vinadag. Í grófum dráttum fór það þannig fram að starfsmönnum voru úthlutaðar stöðvar á víð og dreif í húsinu, 3 starfsmenn voru flakkarar sem fóru um og hjálpuðu þeim sem þurftu að fara á milli stöðva. Gætt var að því að starfsmenn blönduðust en líka að a.m.k. einn vanur starfsmaður væri eftir á hverri deild. Sett voru upp spjöld á hverri stöð sem gáfu til kynna fjölda barna sem gat verið á hverjum stað. Börnin fengu að flæða sjálf á milli stöðva. Þau tóku með mynd af sér sem þau festu á spjaldið. Einungis náðist að hafa tvo vinadaga því Covid-19 skall á í mars. Þó það voru aðeins 2 vinadagar haldnir var mikil ánægja í húsinu með þessa daga bæði hjá börnum og starfsfólki. Í starfsmannakönnun kom fram að starfsmenn vildu halda áfram að þróa þessa daga á næsta skólaári. Við höldum því áfram með þennan þátt í umbótaáætlun.

Umbótaþættir fyrir næsta skólaár:

- Vinadagur verði 1x í mánuði, 6 sinnum (sept, okt, nóv, jan, feb, mars)
- Gula deild (yngsta deildin) – byrja að taka þátt eftir áramót fyrir utan börn fædd 2018.
- Gera tilraun með að leyfa börnunum að flæða óhindrað milli stöðva (ekki takmarka fjölda á stöðvar)



Mál og læsi

Nokkur viðmið um gæði:

- Starfsfólk er duglegt að setja orð á athafnir og hluti í daglegu lífi barnanna, eiga samræður og vekja til umhugsunar um lífið og tilveruna.
- Markvissar lestrarstundir eru a.m.k. tvisvar á dag – lesa skal allt að 6 x á dag stuttar bækur m.a. bendibækur og fá barnið til að segja orðið/heitið. Kenna börnunum að handfjalla bækur, skoða og ganga vel um þær.
- Ritmálið er gert sýnilegt á deildinni t.d. með merkingum/skráningum, , nafni barnanna, heiti dýra, hugtökum s.s. um liti og á formum, Lubbaplakötum o.m.fl.
- Unnið er markvisst með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ á deildinni.
- Markvissar söngstundir eru 2 x á dag a.m.k. og flæðir um starfið.
- Niðurstöður úr Hljóm-2 (á Grænu)

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Rík áhersla er lögð á mál og læsi á Grænu deildinni eins og í leikskólanum í heild. Samveru- og söngstundir eru tvisvar á dag auk lestrarstunda. Í samverustundum er farið yfir daginn þar sem lögð er áhersla á málörvun, umræðu og að börnin fái að tjá sig og hlusta á aðra.

Unnið er markvisst með námsefnið *Lubbi finnur málbein* í öllum leikskólanum þar sem unnið er með málhljóð vikunnar á margvíslegan hátt. Þau skoða stafinn, læra tákni hans, málhljóð og söng. Lesin er saga sem tilheyrir hverju málhljóði og ferðast Lubbi vítt og breytt um landið í leit að málbeinum. Lubbastundir voru brotnar upp með leikjum og voru Lubbakassarnir (heimagerðir kassar fyrir hvert og eitt málhljóð með innihaldi ýmissa hluta sem byrja á viðkomandi málhljóði) notaðir. Á Grænu deildinni er Íslandskort þar sem börnin fylgjast með hvar Lubbi er staddur á landinu hverju sinni.-



Verkefnið *Lestrarsprettur með Lubba* fór fram í marslok. Þetta er annað árið sem verkefnið fer fram en því er ætlað að gera mál- og læsi enn hærra undir höfði og sýnilegri og bjóða börnum og foreldrum með okkur í lestrarsprett. Spretturinn stóð yfir í 2 vikur. Börnin fengu heim með sér blað með málbeinum, á beinin skrifuðu foreldrar eða börnin nafnið sitt og heiti bókar. Börnin komu síðan með beinin í leikskólann og hengdu upp hjá Lubba á sinni deild. Starfsmenn gerðu einnig málbein yfir þær bækur sem lesnar voru á leikskólanum. Það var gaman að sjá að bæði börn, foreldrar og starfsfólk voru áhugasöm um verkefnið og safnaðist í dagott málbeinafjall á Rauðu deildinni. Börnin á Grænu deildinni lásu 230 bækur í þessum tveggja vikna lestrarspretti.

Skipulagðar lestrarstundir eru að lokinni síðdegishressingu en gripið er í lestur reglulega yfir daginn. Börnin hafa greiðan aðgang að bókum og vinsælt er að fá svo kallaðar *sparibækur* sem eru fræðibækur að ýmsu tagi. Á deildinni er nokkuð úrval af léttlestrarbókum sem sum börnin voru farin að lesa sjálf og voru þau stundum farin að vera með litlar lestrarstundir fyrir vini sína. Valinn er bókavörður á hverjum degi fyrir bæði eldri og yngri hóp sem hefur það hlutverk að hjálpa börnunum að ganga vel frá bókunum, þetta er gert til að kenna þeim að umgangast bækur fallega og af virðingu. Þegar lesið er fyrir börnin er lagt upp með að skoða þau orð í textanum sem þau skilja ekki og eru þau hvött til að spyrja út í textann/orðin.

Frásagnarbók er verkefni sem hefur verið á Grænu deildinni undanfarin ár. Börnin fara heim með bók sem þau lesa með foreldrum sínum. Þau koma svo með bókina og segja frá henni í leikskólanum í litlum hóp. Þetta er góð æfing fyrir börnin að æfa frásögn fyrir framan aðra. Í lok stundar teikna börnin mynd úr sögunni.

Í söngstundum er lagt upp úr því að kryfja textana og skoða þau orð börnin skilja ekki, það eykur orðaforða barnanna og skapar gleði og ánægju sem fylgir því að vita um hvað þau eru að syngja. Við gerum einnig mikið af því að ræða og teikna texta. Nokkuð var um að börnin fengu lánaðar söngbækur til að skrifa sjálf niður texta að lögum sem þeim þóttu skemmtileg.

Í Regnboganum er markvisst unnið með hljóðkerfisvitund barnanna alveg frá Gulu deildin (yngstu) sú vinna smá eykst og verður flóknara eftir aldri og getu barnanna. Öll börnin í elsta árgangi komu út með meðal- eða góða færni í Hljóm-2.

Stærðfræði fléttast inn í allt starf deildarinnar eins og t.d. kubba og leikritavinnu. Á deildinni er stærðfræðiborð þar sem er ýmis efniviður sem hvetur til leiks með tölur og form.

Starfið á elstu deildinni sem við nefnum vísðómsstarf fer fram í *vísðómsstundum*. Í þeim stundum fá börnin í fyrsta sinn vinnubók með tilbúnum verkefnum sem kennarar hafa útbúið. Þar er að finna ýmis verkefni sem efla mál- og lesþroska, skriftarfærni sem og stærðfræðilega hugsun og býr börnin þannig enn frekar undir næsta skólastig. Börnin hljóða stafina, æfa sig að ríma, gera vísur og sögur svo nokkuð sé nefnt. Þá má nefna ýmis teikniverkefni, skriftarþjálfun, stærðfræðiverkefni, tengiverkefni, börnin teikna sjálfsmynd og mynd af fjölskyldunni. Elstu börnin (5-6 ára) eru í vísðómsstundum allan veturinn en yngri hópurinn á Grænu (4-5 ára) byrjar eftir áramót.

Á næsta skólaári er fyrirhugað að breyta Lubbastundum hjá elstu börnunum. Lubbaverkefnið er orðið svo öflugt í Regnboganum á öllum deildum að börnin eru mörg hver komin mjög langt í læsisþroska og þurfa á meiri áskorun að halda. Því stefnum við að því að byrja með K-pals að nýju á næsta skólaári. Þær stundir koma þá stað Lubbastunda í upphafi vikunnar en Lubbi verður áfram vikulegur gestur í samverustundum hina dagana.

Marmið/umbætur

- Halda áfram á sömu braut
- Vinna með K-Pals með eldri hópnum.



Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Nokkur viðmið um gæði:

- Umhverfi og efniviður barnanna hvetur til könnunar, fjölbreyttra leikja og uppgötvana í daglegu starfi, innivið jafn sem úti, í náttúru og umhverfi.
- Börnum eru sköpuð rík tækifæri til uppgötvana og til að vera skapandi í leik og starfi.
- Áhugasvið barnanna skal ráða för í vali á verkefnum eftir því sem kostur er.
- Listsköpun er á forsendum barnanna.
- Áhersla í sköpun er á ferlið sjálft en ekki útkomu þess.
- Kennarar og starfsfólk skal vera börnunum góðar fyrirmyndir og sýna fallega framkomu.
- Sjá má og finna að virðing ríkir fyrir börnum og samstarfsfólki.

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Á Grænu deildinni er lögð áhersla á að hafa umhverfið skipulagt og snyrtilegt þannig að allur efniviður sé sýnilegur og aðgengilegur. Börnin taka þátt í að halda deildinni snyrtilegri, þau læra að taka til eftir sig og flokka allan efnivið í samvinnu við starfsfólk. Algengt er að börnin komi með efnivið úr gönguferðum og hanni og skapi úr honum.

Það var mikill áhugi á hverskyns kubbum á Grænu deildinni og eru t.d. lego og einingakubbarnir mjög vinsælir. Í einingakubbunum bætum við oft öðrum efniviði við t.d. blöðum og skriffærum, dúkkum, mat, dýrum, slæðum og fleiru til að dýpka leikinn. Þau börn sem höfðu mikinn áhuga á kubbum og voru miklir hönnuðir voru dugleg að kenna hinum.

Ljósastöð er alltaf vinsæl stöð hjá börnunum. Börnunum finnst gaman að leika með ljósi og skugga, með glær og lituð ljós og erum við á Grænu deildinni með mikið af verðlausu efni á ljósastöð, lituðar glærur og pappír. Þá gerðum við tilraunir með að nota annan efnivið eins og t.d. húsdýr (plastdýr). Skugga húsdýranna var varpað upp á vegg og skuggamyndir þeirra teiknaðar á blað. Oft var sest niður eftir þessa vinnu og samin saga við þessar teikningar.



Markviss samræða er í samverustundum, þar ræðum við um flesta þætti samfélagsins, það sem er í fréttum og þar kom inn mikill áhugi hjá börnunum í eldri hóp um veðurfar og náttúru.



Efir slæmt veður á landinu okkar í desember var veður og færð ofarlega í huga barnanna í upphafi vorannar og náðu börnin að vinna skemmtileg verkefni þar sem fróðleiks var leitað á ýmsum miðlum t.d. var mikill áhugi á veðurvef veðurstofu Íslands, veðurfréttum í sjónvarpinu og táknunum á veðurkortinu, og einnig var leitað fróðleiks í bókum. Þessi áhugi barnanna á veðri varð til þess að þau voru tilbúnari að skella sér út í vond veður til að rannsaka og skapa. Oft heyrðist hjá börnunum komum út og æfum okkur að vera *hjálparsveitarmenn*.

Hjá börnunum í yngri hóp vaknaði mikill áhugi á tröllum og vildu þau fræðst meira um þau. Þau leituðu upplýsinga í sögubókum, ljóðum og á netinu. Farið var í gönguferðir og skoðaðir staðir þar sem tröll og álfar gætu búið (Elliðaárdalurinn mikið notaður í kennslu á Regnboganum) og entist sú vinna fram undir jól.

Hefð er í skólanum fyrir því elstu börnin setji upp leikrit þar sem þau hafa samið efnið sjálf, gert leikmynd, útbúið leikhúsmiða og allt sem til þarf fyrir góða sýningu. Um er að ræða samþætt verkefni sem verður til í stöðvavinnu og kemur inn á alla námsþætti leikskóla. Verkefnið krefst mikillar samvinnu og þælinga áður en hafist er handa um að skrifa söguna sem verður að leikriti. Mikil málörvun og læsisvinna á sér stað í þessu skapandi ferli sem tekur nokkrar vikur á mismunandi stöðvum. Á listastöð búa börnin t.d.



til leikmyndina sem þá hefur verið rædd fram og til baka, teikna hugmyndir sínar á A4 blöð og stækka svo eins mikið og þurfa þykir. Tónlist fléttast iðulega inn í leikritið. Börnin fá svo upptökuna með námsbókinni sinni heim í lok skólaárs. Á síðasta skólaári var ákveðið að færa leikritagerð ársins hjá elstu börnunum í fyrsta skipti á haustönnuna, en leikritið hefur verið á vorönn til margra ára. Ástæðan var sú að létta á vorönninni þar sem þar sem oft á tíðum hefur skapast mikil vinna í kringum barnamenningarhátíðina og margt fleira. Leikritið í ár hét „Töfraleikritið“ og var ævintýraleikrit eins og undanfarin ár. Þar var komið inn á skógarævintýri, með kastala, prinsessum, dýrum, börnum og



fullorðnum. Í verkinu fléttaðist inn umhyggja fyrir náttúrunni, börnum og fullorðnum og ævintýraheimur barnanna. Þegar börnin sömdu leikritið var mikið unnið út frá náttúruumræðu, umhverfi, veðri og hvernig við gætum verndað umhverfi okkar. Því miður þurfti að fella niður opið hús vegna covid-19 og því ekki hægt að sýna leikritið þar. Við tókum því á það ráð bjóða foreldrum á bíósýningu að lokinni útskrift barnanna í júní og gefa foreldrum þannig tækifæri á að sjá sýninguna með börnunum sínum.

Samstarf við Tónskóla Sigursveins á barnamenningarhátíð: Elstu börn Grænu deildarinnar hafa tekið þátt í Barnamenningarhátíð til margra ára. Yfirskriftin að þessu sinni var: *Karímarímambó* lög og textar eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson. Veðurfar á landinu okkar á síðasta skólaári var ofarlega í huga barnanna. Því var tilvalið að flétta saman texta Aðalsteins Ásbergs við lagið Hvínandi vindur við eitt af verkefnum barnanna sem var að setja upp veðurfána með veðurtáknum, sem börnin teiknuðu á. Fáninn var svo hengdur upp utan dyra á leikskólanum. Lærðu börnin að taka vindáttir daglega með því að kíkja út um gluggann. Eins og vitað er var Barnamenningarhátíð blásin af vegna covid-19 en börnin sungu brot af lögunum við útskrift sína í júní.

Eftir að Covid-19 skall á og börnin voru að mæta að meðaltali annan hvern dag var ákveðið á Grænu deildinni að leggja meiri áherslu á frjálsa leikinn. Þetta koma vel út og börn sem ekki höfðu mikið leikið saman fóru að styrkja sín vinabönd meira og hélt það út skólaárið. Þannig að sterk vinátta myndaðist í öllum barnahópnum.

Eitt af markmiðum okkar á næsta ári er að kafa enn dýpra í skapandi starf í anda Reggio Emilia:

Á öllum deildum viljum við skoða vel þann efnivið sem boðið er upp á, á deildunum og leggja enn meiri áherslu á opinn efnivið. Einnig viljum við gera aðgengi að verðlausum efnivið greiðara bæði í sköpun og leik. Þetta kallar á að hver deild rýni vel í sitt rými og hvaða möguleika það hefur upp á

að bjóða. Mikilvægt er að börnin hafi aðgengi að fjölbreyttum og náttúrulegum efnivið sem hvetur þau til að læra, rannsaka og skapa.

Í skapandi starfi á listastöð viljum við leggja meiri áherslu á val og vinna út frá áhuga barnanna. Að það þurfi ekki allir að gera eins en allir gera eitthvað og minna okkur á að það er ferlið sem skiptir máli en ekki útkoman.

Það sem við þurfum líka að skoða vel og skilgreina betur er hlutverk starfsmanna í námi barna og sem skráningaraðila. Þar viljum við sérstaklega einblína á það að starfsmaður standi ekki í vegi fyrir skapandi flæði barns t.d. með því að kalla á barn sem er á kafi í leik/verkefni af því það „þarf“ að klára ákveðið verkefni á annarri stöð. Okkur langar að gera tilraunir með að auka enn meir flæði í starfinu og að börnin hafi aukið val um hvaða viðfangsefni verða fyrir valinu hverju sinni.

Frá upphafi hafa skráningar skipað stóran sess í faglegu starfi Regnbogans. Í lok maí á hverju ári fá börnin námsbókina sína sem inniheldur skráningar og listaverk frá skólaárinu. Við gerum skráningar sýnilegar á veggjum skólans fyrir börn, foreldra og gesti skólans. Á næsta skólaári viljum við samræma betur skráningarformið á milli deilda. Við erum svo heppin að hjá okkur er starfsmaður sem er bæði ljósmyndari og grafískur miðlari sem hefur tekið að sér að setja upp staðlað skráningarform sem býður upp á marga möguleiki bæði til myndrænna og skriflegra skráninga. Það verður gaman að prufa sig áfram með það á næsta ári.

Umbótaþættir fyrir næsta skólaár:

- Kafa dýpra í Reggio-hugsun og vinnu í anda Reggio
- Skapa betri aðgang að verðlausum efniviði.
- Dýpri skráningar í anda Reggio
- Hafa enn meira flæði og opið milli stöðva,
- Auka val hjá börnunum um hvað þau vilja gera og hvar þau vilja vera.
- Að verk barnanna t.d. byggingaleikir fái að standa uppivið lengur en oft áður.
- Skráningar í námsbók barnanna verða endurskoðaðar og uppfærðar,
- Skoða rýna með öllu starfsfólki hlutverk starfsmanna í leik barna og sem skráningaraðila.



Umbótaáætlun Grænu deildar fyrir skólaárið 2020-2021

Deildin vinnur að sameiginlegum áherslum skólans auk markmiða sem fram koma í töflunni hér fyrir neðan.

Umbótaþættir Hvað þarf að bæta?	Markmið með umbótum?	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; Hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vínátta	Leikskólinn heldur áfram að þróa vinnu með Vínáttuverkefnið og blæ.	Hver deild hefur sett sér markmið í vinnu með Vínáttu verkefni og vinna að þeim á skólaárinu.	Skólaárið 2020-21	Skólastjóri Deildarstjórar Starfsmenn	Á deildafundum og deildarstjórafundum reglulega yfir árið	Að börn eigi jákvæð og samskipti og góð félagsleg tengsl. Að þau læri samkennd, virðingu og umburðarlyndi og færni til að leysa úr ágreining.
Mál og læsi	Auka áskoranir hjá eldri í vinnu með mál og læsi.	K-plas	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjóri	Að vori	Börnin eru komin góðan grunn í máhljóðum/farin að stauta sig áfram/jafnvel læs
Skapandi starf í anda Reggíó Emilia	Að skapandi starf í anda Reggíó Emilia verði enn öflugar í leikskólanum	Námskeið í Reggíofræðum á fyrsta starfsdegi. Deildarstjórar halda vel utan um faglegt starf og miðla til starfsmanna. Námsferð til Reggíó Emilia?	Skólaárið 2020-2021	Skólasstjóri Deildarstjóri Allir strfsmenn	Deildafundum, deildarstjórafundum og starfsdögum	Allir starfsmenn leikskólans eru samtaka í að vinna í anda Reggíó Emilia. Námsumhverfi barnanna endurspeglar stefnuna.
Skapandi starf í anda Reggíó Emilia	Börnin hafi greiðan aðgang að verðlausum efnivið í hverskonar sköpun.	Auka aðgengi að verðlausum efnivið – skoða umhverfið á deildinni og breyta með markmiðið í huga.	Skólaárið 2020-21	Deildarstjóri Starfsmenn deilda	Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum og deildarstjórafundum.	Börnin geta nýtt sér fjölbreyttan og opinn efnivið í leik og sköpun.
Skapandi starf í anda Reggíó Emilia	Börnin fái svigrúm til að sökkva sér ofan í verkefni og njóti þess að vera í flæði.	Flæði í stöðvavinnu verði aukið og börnin hafi aukið val um hvað þau taka sér fyrir hendur.	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjóri Starfsmenn deilda	Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum og deildarstjórafundum.	
Skapandi starf í anda Reggíó Emilia	Byggingar eða verk barnanna fái að standa milli daga sé þess nokkur kostur þannig að þau geti komið aftur að þeim síðar	Skoða þarf hvernig við getum leyst þetta miðað við aðstæður á deildinni.	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjóri Starfsmenn deilda	Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum	Börnin geta oftart geymt verkin sín og komið að þeim síðar og haldið áfram
Hlutverkstarfsmanna í námi barna og sem skráningaraðili	Starfsmenn styðji fallega við leik, samskipti og nám barnanna og öðlist færni í að skrá á mismunandi hátt.	Námsskeið á starfsdegi Umræður á deildarfundum	Skólaárið 2020-21	Skólastjóri Deildarstjóri	Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum	Starfsmenn styðji fallega við leik og samskipti barnanna og öðlist færni í að skrá á mismunandi hátt.
Námsbók barnanna	Samræmi sé í námsbókum barnanna milli deilda hvað varðar uppsetningu ofl.	Búið verði til staðlað skráningarform sem býður upp á marga möguleika bæði til myndrænna- og skriflegra skráninga	Skólaárið 2020-2021	Ágústa/Skólastjóri	Að vori	Samræmi er í skráningum barnanna milli deilda sem eining upplýsa og fræða foreldra um hvað liggur að baki starfi Regnbogans.

Vinadagur	Skapa flæði í húsinu þar sem bæði börn og starfsfólk flæða á milli stöðva í húsinu	Vinadagar verði 6x yfir árið frá sept-mars	Okt.-apríl	Binna, Björg, Katarzyna	Deildarfundum reglulega yfir árið	Starfsmannakönnun
Upplýsingaflæði til foreldra	Foreldrar séu vel upplýstir um starfið á deildinni	Fréttir af starfinu sendar með tölvupósti	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjórar		Foreldrar eru vel upplýstir um starfið á deildinni
Upplýsingaflæði frh.	Foreldrar fái reglulega fréttir af daglegu lífi deildanna í leikskólanum	*Deildar senda fréttir með tölvupósti á ca. 1-2 vikna fresti. *Skólastjóri setji alm. fréttir á heimasíðu og haldi áfram að senda út fréttabréf ca. 4-5x á ári.	Skólaárið 2019-20	Deildarstjórar	Á deildarstjórafundi.	Foreldrakönnun

Guðrún S. Jónsdóttir

Deildastjóri Grænu deildar



Aðrir umbótaþættir sem unnið var að á árinu á öllum deildum

Tónlistarstundir – Breytingar voru á tónlistarstarfi í vetur að því leiti að ekki var fengið utanaðkomandi tónlistarkennari en Kristbjörg Ingimundardóttir sérkennslustjóri hélt utan um tónlistarstarfið og stýrði tónlistarstundum á öllum deildum. Markmið stundanna var m.a. að nýta þann fjölbreytta tónlistarefnivið sem til er í húsinu og kynna fyrir bæði börnum og starfsfólki. Margt gott og gagnlegt sem kom fram í stundunum sem nýttist vel á deildunum. Tónlist, hreyfing og mikið nám fólst í stundunum. Farið var með vísur/þulur og sungin voru lög um dýr, liti, líkamsheiti svo eitthvað sé nefnt. Börnin fengu að kynna og prófa fjölbreytta hljóðgjafa og fannst það spennandi hluti af tónlistarstundunum.

Umhverfisvernd: Markmið okkar á síðasta skólaári var að draga eins mikið og kostur er úr plastnotkun í húsinu. Það gekk vonum fram að framfylgja því markmiði. Búið var að kynna breytingar í fréttabréfi til foreldra fyrir sumarfrí. Á foreldrafundum í september var svo farið nánar í þessar breytingar. Við hættum að bjóða upp skóhlýfar í fataherbergi. Hvert og eitt barn er með fjölnota poka undir blaut/óhrein föt. Ef barn er ekki með poka pökkum við fötunum inn í pappír/dagblöð og setjum í hólfið þeirra. Einnig bjuggum við til heimagerðar fjölnota möppur til að senda teikningar barnanna heim. Það voru keyptar bleiufötur á yngri deildarnar til að minnka pokanotkun. Við flokkum plast og pappa og reynum að nýta allt það sem fellur til í daglegu starfi. Vel gekk að ná öllum markmiðum varðandi umhverfisvernd.

Upplýsingafæði til foreldra: Upplýsingar til foreldra fara best fram í gæðastundum við komu og brottför barnanna. Þá geta foreldrar alltaf hringt í okkur hvenær eða sent tölvupóst. Við settum okkur það markmið að setja samantekt úr starfinu inn á heimasíðu deildarinnar c.a. hálfsmánaðarlega. Á skólaárinu settum við fréttir alfarið inn á heimasíðu skólans en við veltum fyrir okkur hversu duglegir foreldrar séu að lesa fréttirnar þar og hvort henti betur að senda fréttir með tölvupósti. Við höldum áfram með sömu markmið og sett voru í síðustu starfsáætlun en skoðum að senda fréttir frekar í tölvupósti en á heimasíðu. Vegna Covid-19 fóru öll foreldraviðtöl fram í gegnum síma eða á fjarfundum í tölvunni. Það kom í ljós að margir foreldrar voru ánægðir með fjarfundar fyrirkomulagið og sögðu það spara bæði tíma og kostnað fyrir þau. Því erum við að velta því upp hvort boðið verði upp á val milli fjarfundar eða viðtals í skólanum á næstunni.



Innra mat og matsáætlun

Uppeldisfræðilega skráningar og námsbækur barnanna

Uppeldisfræðilegar skráningar eru mikilvægur þáttur í starfi skólans og í öllu námi barnanna og segja mikið til um líðan og þroska þeirra, hæfni og framgang. Skráningarnar sýna börnum hvers þau eru megnug og efla sjálfsþrótt þeirra og tiltrú á sig sjálf. Skráningarnar eru jafnframt góður grunnur að uppeldislegri umræðu meðal kennara skólans og milli kennara og foreldra barnanna. Skráningar sýna fjölskyldum barnanna og samfélaginu mátt barna og mikilhæfni. Haldið er utan um skráningar (teikningar, ljósmyndir, frásagnir) fyrir hvert barn þar sem sjá má þroska þess og þróun. Í lok hvers skólaárs fær hvert barn námsbók þar sem skráningar, sköpun og ljósmyndir er varða nám og leik barnsins eru bundnar inn. Þannig eiga börnin öll einskonar lífsbók, fyrir hvert skólaár, frá leikskólaárunum. Námsbækurnar eru líka mikilvægt matstæki fyrir kennara þar sem glögglega má sjá þroska og framvindu barnanna í leik og starfi. Foreldrar hafa lýst sérstakri ánægju með að fá námsbækurnar í hendurnar eftir hvert starfsár og skapi þær sérstakt tækifæri til samveru þar sem barnið rifjar upp og segir bæði foreldrum og fleirum frá. Stefnt að því að halda áfram á sömu braut.



TRAS

Í Regnboganum notum við TRAS skráningalista um málþroska ungra barna til að fylgjast með framvindu í þroska barnanna. TRAS er faglegt matstæki til að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna og skipuleggja snemmtæka íhlutun. Yfirsýn fæst um það hvaða þættir eru að þroskast á þeim tímapunkti sem skráningin fer fram. Skráningin nýtist vel í foreldraviðtölum og í samstarfi við sérfræðinga þegar ástæða er til s.s. talmeinafræðinga og sálfræðinga.

Hljóm II

Könnun á hljóðkerfisvitund 5 ára barna. Skimun er gerð að hausti og veturinn er svo notaður til að vinna sérstaklega með það sem uppá kann að vanta hjá einstaka barni í hljóðkerfisvitund þess. Niðurstöður eru kynntar foreldrum í upphafi skólaárs og fá foreldrar niðurstöðurnar afhentar. Jafnframt sendum við þeim grunnskóla sem barnið sækir niðurstöður Hljóms II.

APES

Við notum AEPs lista þegar við á sem er matstæki á færniþáttum sem börn þurfa að kunna til að takast á við daglegt líf. Markmiðið með listanum er að kortleggja sem best færni barns í samstarfi við foreldra þeirra og skipuleggja betur þjálfun barna. APES listinn hefur verið notaður fyrir og með börnum sem þarfnast aukinnar þjálfunar. Gefur hann góða mynd af styrkleikum barnanna og því sem vert er að þjálfna betur. Listinn er einstaklingsmiðað matstæki þar sem færni barns er borin saman við eigin framvindu þess en ekki við önnur börn.

Út frá niðurstöðum APES listans eru sett upp einstaklingsmiðuð áætlun í samstarfi við foreldra og sett fram markmið um árangur hjá viðkomandi barni.

Mat 4 og 6 ára barna á skólastarfi.

Í

samræðum er spurningalisti lagður fyrir börnin og þau tjá sig í frjálsu máli um hverja spurningu og teikna sjálfsmynd. Kennari skráir svörin. Barnið er t.d. spurt um hvað það læri í leikskólanum, hvernig góður vinur eigi að vera, hvaða matur sé góður, hvað sé gaman og hvað leiðinlegt í skólanum, hvað kennarar þeirra geri og margt fleira. Matið er yfirfarið og skoðað hvaða vísbendingar er þar að finna sem draga má lærdóm af. Foreldrar fá afrit þessa mats.

Hvað gerir leikskólastjórinn?

Spurningar og teikningar um hvað Leikskólastjóri geri eru einnig gerðar að sumarlagi þegar börnin eru komin í víkingasveitina og örlítil fjarlægð komin á snerti fletina. Skólastjórinn hefur í þessu mati fengið mikilvæg skilaboð sem vert er að bæta en líka óendanlega hjartfólgin og gleðileg. Þetta mat sjá bara kennarar og skólastjóri.

1) Viðhorfskönnun meðal starfsfólks

Nafnlaus matslisti sem lagður er fyrir í lok skólaárs um mat á eigin þekkingu á starfinu og væntingar til þess, um viðhorf til starfsins, til sjálfs síns, til stjórnunar og samstarfs í skólanum. Óskað er eftir ábendingar um námskeið eða símenntun á næsta starfsári eða eitthvað sem betur má fara í skólanum. Við veljum að gera eina nafnlausu könnun til að tryggja að ef eitthvað er erfitt að segja í viðtali geti það komið betur fram í nafnlausri könnun. Þessum matslista er hægt að svara í tölvutæku formi eða skriflega og setja í lokaðan kassa sem liggur frammi í 5 daga.

2) Starfsþróunarviðtal. Hér er rætt um líðan og áhuga í starfi og fólk hvatt til að setja sér markmið varðandi sí- og endurmenntun og koma með ábendingar þar um.

3) Sameiginleg endurmat. Matið fer fram á deildar- og starfsmannfundum. Deildastjórar vinna svo sameiginlega úr þeim punktum sem fram koma og gerir hver deild umbætur þar sem við á. Okkur þykir þó mikilvægast að eiga samræðu um daglegt starf og meta og bæta úr jafnóðum og draga af þeim lærdóm.

4) Endurmat stjórnenda: Fer fram reglulega yfir árið á deildarstjórafundum þar sem staðan er tekið á þeim verkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Í maí var haldin endurmatsfundur þar sem teknar voru saman niðurstöður frá ofan töldum matsþáttum og gerð umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.



Matsáætlun/umbætur

Mat barnanna

Niðurstöður út mati barnanna gefa almennt þá mynd að börnin séu í góðu jafnvægi, frjálsg og líði vel í skólanum. Þau eru skapandi og frjó. Okkur þykir alltaf vænt um þegar svör barnanna gefa til kynna að þau hafa lært að vera vinir og gefa svörin það til kynna. Það er skemmtilegt að segja frá því að þegar börnin eru spurð út í fæðið í leikskólanum þá kemur það í ljós ár eftir ár að það er yfirleitt fiskurinn sem er vinsælastur hjá börnunum, helst soðinn fiskur með kartöflum og feiti eða plokkskur. Ljósastöðin var áberandi vinsæl hjá báðum aldurshópum þegar börnin voru spurð hvað þau gera í stöðvavinnu. Niðurstöður úr matinu voru svo jákvæðar að ekki verða gerðar sérstakar umbætur út frá þeim.

Viðhorfskönnun starfsfólks, sameiginlegt endurmat og endurmat stjórnenda.

Það kom glögglega fram í viðhorfskönnun að starfsmenn leggja sig fram við að tileinka sér áherslur Regnbogans og líta starfið faglegum og metnaðarfullum augum. Það er gaman að sjá hvað starfsmenn hafa almennt lært mikið í starfinu og sýn þeirra á börn oft á tíðum önnur en hún var í upphafi starfs. Áherslur leikskólans í starfi skína vel í gegn í svörum starfsmanna.

Í starfsmannakönnun kom fram að vinadagurinn við hældum og flæði var milli deilda vakti mikla ánægju meðal starfsmanna. Kallað var eftir að við höldum þeim áfram á næsta ári (sjá í greingerð deildarstjóra). Einnig var almenn ánægja með fræðsluefni Barnaheilla *Vinátta* og að það að fá áþreifanlegt efni í hendurnar. Verkefnið veitir margvísleg tilefni til að vinna með og til að styðja við *félagsfærni*, *vináttu* og *tilfinningar* barnanna. Við munum halda áfram með vináttu-verkefnið og setja í umbótaáætlun næsta árs.

Starf í anda Reggio Emilia: Í endurmati á árinu var kallað eftir því við myndum kafa dýpra í Reggio hugsunina á næsta ári. Kom það einnig fram í starfsmannakönnun. Við stöndum okkur vel á mjög mörgum sviðum þegar að kemur að starfi í anda Reggio Emilia en erum alltaf að lesa okkur til og skoða og sjá hvað við getum bætt og gert betur. Á sumum sviðum teljum við að við höfum aðeins færst frá Reggio t.d. hvað varðar leikefnivið, við viljum gera aðgengi að verðlausum efnivið greiðara, skoða leikefniviðinn okkar vel einblína meira á opinn efnivið. Okkur langar að efla enn frekari *flæði* í skólanum og í því sambandi að skoða hlutverk okkar starfsmanna í leik barna og sem skráningaraðila. Nú er verið uppfæra það form sem við notum í námsbækur barnanna og samræma milli deild eins og kostur er. Sjá nánar í greingerð deildarstjóra.

Starfsánægja: Halda áfram að stuðla að og efla það jákvæða og góða andrúmsloft sem ríkir í skólanum. Starfsmenn voru sammála um að í leikskólanum er jákvætt og vinalegt andrúmsloft sem einkennist af *gleði*, *virðingu* og *umhyggju*. Mikil faglegur áhugi er í starfsmannahópnum og samheldni og góður starfsandi ríkir í húsinu.

Ytra mat leikskólans

Foreldrakönnun

Viðhorfskannanir foreldra til starfsemi Regnbogans eru framkvæmdar annað hvert ár af Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Viðhorfskönnun foreldra til skólastarfsins fór síðast fram vorið 2019. Næsta foreldrakönnun er því á dagskrá vorið 2021.

Ytra eftirlit skrifstofu skóla- og frístundasviðs fór fram í október 2019. Það voru þær Auður Ævarsdóttir og Eyrún Einarsdóttir sem komu í heimsókn í Regnbogann. Niðurstöður heimsóknarinnar voru að rými og aðstaða barnanna voru í lagi sem og skil á umbeðnum fylgigögnum.



Leiðarljós Regnbogans:

Að hvert barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Lykilþættir í starfi eru: 1) Tilfinningalega styðjandi umhverfi 2) Mál- og lesþroski 3) Skapandi starf í anda Reggio-stefnummar

Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2020-2021

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vínátta - Blær	Leikskólinn heldur áfram að þróa vinnu með Vínáttuverkefnið og blær.	Hver deild hefur sett sér markmið í vinnu með Vínáttu verkefni og vinna þeim á skólaárinu.	Skólaárið 2020-21	Skólastjóri Deildarstjórar Starfsmenn	Á deildafundum og deildarstjórafundum reglulega yfir árið	Að börn eigi jákvæð og samskipti og góð félagsleg tengsl. Að þau læri samkennd, virðingu og umburðarlyndi og færni til að leysa úr ágreining.
Starf í anda Reggio Emilia	Að skapandi starf í anda Reggio Emilia verði enn öflugar í leikskólanum	Námskeið í Reggiofræðum á fyrsta starfsdegi. Deildarstjórar halda vel utan um faglegt starf og miðla til starfsmanna. Námsferð til Reggio Emilia?	Skólaárið 2020-2021	Skólasstjóri Deildarstjóri Allir strfsmenn	Deildafundum, deildarstjórafundum og starfsdögum	Allir starfsmenn leikskólans eru samtaka í að vinna í anda Reggio Emilia. Námsumhverfi barnanna endurspeglar stefnuna.
Kynningafundur foreldra barna sem flytjast milli deilda.	Efla upplýsingarflæði til foreldra þegar börn flytjast milli deilda	Markvissari upplýsingar þar sem kynnt er nánar við hverju megi búast þegar börn flytjast á milli deilda og hvaða áherslur deildarinnar sem eru ólíkar frá yngri deild.	Maí	Skólastjóri Deildarstjórar	Mat foreldra	Foreldrar eru vel upplýstir við hverju má búast þegar börnin flytja á milli deilda, þekki starfsfólk með nafni og helstu þætti sem eru ólíkir á nýrri deild.
Vinadagur	Skapa flæði í húsinu þar sem bæði börn og starfsfólk flæða á milli stöðva í húsinu	Vinadagar verði 6x yfir árið frá sept-mars	Okt.-apríl	Binna, Björg, Katarzyna	Deildarfundum reglulega yfir árið	Starfsmannakönnun

Aðrar upplýsingar

Barnahópurinn:

Fjöldi barna ár starfsárinu 2019-20 voru 38 stelpur og 37 strákar. Leikskólinn er einsetinn og því einungis boðið uppá heilsdagspláss en opið er frá 7:35 - 16:30. Flest barnanna nýta allt að 8,5 klst. pláss daglega. Á síðasta ári voru þrjú börn sem nutu formlegs stuðnings. En stuðning veitum við öðrum börnum eftir þörf hverju sinni s.s. málörvun, hreyfipjálfun, þjálfun í félagsfærni og annað ef við á. Í skólanum var eitt tvítyngt barn og eitt fjöltyngt.

Foreldrasamvinna:

Gott foreldrasamstarf er afar mikilvægt heilbrigðu og farsælu leikskólastarfi og lítum við svo á að dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólks leggi grunninn að því. Í Regnboganum viljum við að gildin okkar *virðing – gleði og umhyggja* endurspeglast í öllum samskiptum innan að leikskólans, við börnin, milli starfsmanna og við foreldra.

Foreldrafundir eru haldnir í upphafi nýs starfsárs og er þá kosið í foreldraráð, nýtt skóladagatal kynnt og starfsemi hverrar deildar er kynnt í máli og myndum og annað það sem fyrir liggur. Foreldrasamstarf hefur alltaf verið gott og aldrei verið skortur á að foreldrar vilji gefa kost á sér til starfa.

Foreldraviðtöl eru í námunda við afmæli barnanna til að dreifa þeim yfir árið og svo eftir óskum bæði foreldra og kennara. Símatími er daglega og foreldrar og kennarar hafa eins oft og vilji er til viðtöl eða samband með netpósti. Mikilvægust teljum við þó alltaf daglegu samskiptin vera, þegar foreldrar koma með og sækja barn sitt.

Foreldra- og skólaráð er samstarfsvettvangur leikskólans, foreldraráðs og foreldrafélagsins en við höfum kosið að hafa það einn hóp. Kosið er í ráðið á foreldrafundum að hausti auk þess sem skólastjóri eða annar fulltrúi leikskólans situr í ráðinu. Þrír aðalfulltrúar eru í skólaráði og en þó hafa alltaf verið fleiri sem vilja vera með og er þá bara fjölgað í hópnum, á síðasta skólaári voru 11 fulltrúar í ráðinu. Ekki hefur þurft að „lokka eða skylda“ foreldra til að vera með og hefur samstarf við foreldra verið farsælt.

Samstarf skólans og foreldraráðs er um slysavarnanámskeið sem við höldum ár hvert fyrir starfsfólk og foreldra, um sveitaferð sem alltaf er farin á laugardegi svo fjölskyldur barnanna eigi gott með að komast með, um opið hús, sameiginlega leikhúsferð, grillveislur og margt, margt fleira. Auk þess hefur foreldra- og skólaráðs staðið fyrir fræðslufundum 1-2x ár ári. Á síðasta skólaári fengu þau Elísu Guðnadóttur sálfræðing með fyrirlestur um svefn leikskólabarna.

Samstarf leik- og grunnskóla:

Við erum í góðu samstarfi við Ártúnsskóla auk þess sem bæði börn og kennarar beggja skólanna koma í heimsóknir hver til annars. Grunnskólabörn 4. bekkjar koma í heimsókn í Regnbogann og lesa fyrir leikskólabörnin og leikskólabörnin fara í heimsókn í tíma, á bókasafn, skólasel og íþróttahús. Að vori eru haldnir skilafundir til skiptist í Regnboganum og Ártúnsskóla. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna í Ártúnsskóla og framkvæmda við hann

gátum við ekki hafið skólaheimsóknir fyrr en eftir áramót. Börnin náðu nokkrum heimsóknum í skólann áður en covid-19 skall á sem óhjákvæmilega batt enda á frekari heimsóknum. Því miður var því minna um samstarf á þessu skólaári en vanalega. Skilafundur milli leik- og grunnskóla var haldinn með fjarfundabúnaði og gekk það vel. Gerð hefur verið samstarfsáætlun fyrir skólaárið 2020-2021 með fyrirvara um breytingar ef aðstæður krefjast þess.

Samstarf við Tónskóla Sigursveins:

Frá upphafi hefur Regnboginn átt samstarf við Tónskóla Sigursveins og eru elstu börnin með í samstarfsverkefni tónskólans og leikskóla í Reykjavík. Söngstjóri í Regnboganum er Kristbjörg Ingimundardóttir. Samstarfið felur m.a. í sér að elstu börnunum er boðið í heimsókn í tónskólann og fá þau þar m.a. kynningu á hljóðfærum. Yfirskriftin að þessu sinni var: *Karímarímambó lög og textar eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson*. Tónlistin sem um er að ræða hverju sinni er

tekin uppá disk, börnin hlusta og læra tónana, síðan textana og tengja svo allt vel saman. Því miður þurfti að fella Barnamenningarhátíð niður ár vegna covid-19 en börnin sungu brot af lögnum við útskrift sína í júní. Þegar víkingasveitin hafði síðan tekið til starfa fóru börnin í Hörpu og sungu þar í tröppunum stóru og flottu.



Dansnámskeið

Árlega býður Regnboginn börnum og starfsfólki upp á dansnámskeið. Eins og undanfarin ár var það hún Íris Ósk Einarsdóttir sem sá um kennsluna.

Tónlistarnámskeið

Á skólaárinu 2019-2020 sá Kristbjörg Ingimundardóttir sérkennslustjóri (í 50 % stöðu) sá að þessu sinni jafnframt um tónlistarnámskeið í Regnboganum.



Víkingasveitin – sumardeild 6 ára barnanna:

Víkingasveitin er sumardeild elstu barnanna og hefur þann tilgang að elstu börnin fá bæði rými og starf að lokinni leikskólaútskrift við hæfi barna sem senn hefja grunnskólagöngu sína. Við ráðum 3 sérvalda sumarstarfsmenn til að leiða starfið í sveitinni.

Áhersla okkar er á: *Gleði og kröftuga útivist í fjölbreyttum vettvangsferðum undir handleiðslu valinna starfsmanna.* Nafn sveitarinnar var í upphafi valið með hugtakið *Að leggjast í víking* í huga sem merkir að fara víða, skoða, nema og forframast. Í sumar fór sveitin á sundnámskeið, í listasöfn, vettvangsferðir og í gönguferð uppí hlíðar Esjunnar, heimsókn í Björnslund, í Húsdýragarðinn, heimsótti Landhelgisgæslunnar, slökkviliðs- og lögreglustöðina, Sjóminjasafnið, Hvalasafnið, Rauða krossinn, Össur, Náttúrufræðistofu Kópavogs og fóru út í Viðey og uppá Úlfarsfellið svo sitthvað sé nefnt.



Víkingasveitin á góðri stundu eftir göngu upp á Esjunni

Skipulagsdagar og símenntun

Skipulags- og fræðsludagar eru haldnir á laugardögum en aldrei er lokað vegna þeirra og fyrir þá greidd yfirvinna.

Fyrsti skipulagsdagur skólaársins 2020-2021 verður laugardaginn 12. september n.k.

Á dagskrá verður:

- 1) *Farið yfir fasta liði í menningu Regnbogans og mikilvæga þætti í starfsmannahandbók s.s. trúnaðareyð o.fl.*
- 2) *Lovísa Hallgrímsdóttir verður með námskeið um tilurð og hugmyndafræði skólanna í Reggíó Emilía ásamt Fanney Guðmundsdóttur.*
- 3) *Ágústa K. Bjarnadóttir ljósmyndari verður með námskeiði um ljósmyndun í leikskóla, skráningu mynd, að tagga myndir ofl.*
- 4) Önnur mál

Skipulagsdagar og námskeiðsdagar eru að jafnaði 7-8 á ári og eru skipulagðir jafnóðum nema námskeiðsdagur um *Slysavarnir barna* sem Herðísi Stoorgard sér um og búið er að fastsetja 8. febrúar 2021. Námskeiðið um slysavarnir er haldið árlega og þarf starfsfólk að sækja námskeiðið annað hvert ár. Foreldrum er alltaf boðið á námskeiðið.

Þá munum við áfram bjóða uppá margskonar samveru starfsfólks, fræðslu og þjálfunarbúðir innan- og utandyra. Með það að markmiði að styrkja starfsanda, gæði og efla fagmennsku í öllu starfi Regnbogans.



Símenntun frá síðasta ári:

- Allir leiðbeinendur fá þjálfun og fræðslu í starfi í anda Reggíó sem veitt er af kennurum og Regnbogans og utanaðkomandi fræðsla.
- Námskeið á vegum Barnaheilla um Vináttu í leikskóla – allir starfsmenn
- *Slysavarnir barna* / árlegt námskeið sem hver starfsmaður sækir 2. hv. ár.
- *TRAS* námskeið um skráningarlista á mati á málþroska ungra barna 1. Kennari
- *Lærdómssamfélag sérkennslustjóra* – Sérkennslustjóri
- *Lærdómssamfélag um mál og læsi* – 2 deildarstjórar
- *Breytt starfsmannasamtöl* námskeið á vegum endurmenntunar Háskóla Íslands – skólastjóri
- *Rannung* – faglegir leiðtogar í leikskólastarfi – skólastjóri og sérkennslustjóri
- *Að stjórna jafningjum* – deildarstjóri á Gulu deild
- *Erfið starfsmannamál* – skólastjóri
- *Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik* – sérkennslustjóri
- *Réttindanámskeið EFI-2* – sérkennslustjóri
- *Svefn leikskólabarna* – Elísa Guðnadóttir sálfræðingur fyrirlestur á vegum fore. og skólaráðs – 5 starfsmenn

Drög að næstu áætlun um símenntun í leikskólanum:

- Námskeið í Reggíó-fræðum og uppeldisfræðilegum skráningum á fyrsta skipulagsdegi í september.
- Námsferð til Reggí Emilia, skoða hvort það verði möguleiki á því næsta vor?
- Herdís Storgaard verður með námskeið um slysavarnir barna, í febrúar 2020.
- Námskeið, ráðstefnur og málþing eftir því sem býðst og tækifæri gefast og áhugi er fyrir

Lokaorð:

IN THE REGGIO EMILIA PRESCHOOLS, HOWEVER,
EACH CHILD IS VIEWED AS INFINITELY CAPABLE,
CREATIVE, AND INTELLIGENT. THE JOB OF THE
TEACHER IS TO SUPPORT THESE QUALITIES AND
TO CHALLENGE CHILDREN IN APPROPRIATE
WAYS SO THAT THEY DEVELOP FULLY.

- LOUISE ARNER BOYD -

LIBQUOTES.COM

Þessari samantekt er ætlað að gefa skólayfirvöldum, foreldrum og starfslíði sýn á starfsemi Regnbogans en einnig að geyma sögu skólans í örlítilli mynd. Við vonumst til að áherslur okkar á tilfinningalega styðjandi umhverfi, mikilvægi gæða í samskiptum, læsistefnan og sýn okkar á barnið sé vel sýnileg í þessari samantekt.

Börn eru merkilegt fólk!

Reykjavík í ágúst 2020

Fanney Guðmundsdóttir

leikskólastjóri

Fylgiskjöl:

- Umsögn foreldraráðs
- Samstarf leik- og grunnskóla
- Skóladagatal
- Bréf milli Lubba og Blæs

Samkvæmt 2. grein laga um leikskóla frá 2008 segir um markmið leikskólastafs

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Samkvæmt 11. grein sömu laga segir um hlutverk foreldraráða

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs Regnbogans

Fulltrúar foreldra í stjórn foreldra- og skólaráðs Regnbogans skólaárið 2019-2020 hafa kynnt sér skýrslu leikskólastjóra og samantekt þess skólaárs sem nú er á enda og drög að starfsáætlun næsta skólaárs 2020-21.

Skýrslan lýsir mjög vel því fjölbreytta og öfluga starfi sem fer fram í leikskólanum. Áherslurnar innan deildanna koma vel til skila og sérstaklega varðandi málþroska barnanna. Ljóst er að starfsfólk Regnbogans leggur mikinn metnað í að efla læsi barnanna með allri sinni vinnu í kring um verkefnið um Lubba. Áherslan á málþroska og læsi gerir börn sem útskrifast frá Regnboganum einstaklega vel undirbúin undir áframhaldandi skólagöngu. Þá hefur Vináttuverkefnið sýnileg jákvæð áhrif á börnin en verkefnið fellur afar vel að markmiðum leikskólans og einkunnarorðum hans, Virðing – Gleði – Umhyggja. Í raun fellur allt starf innan Regnbogans vel að þessum einkunnarorðum og allir starfsmenn virðast vel meðvitaðir um markmið leikskólans: Góðan almennan þroska og tilfinningalega færni. Hæfni í samskiptum og skapandi færni. Sterka sjálfsvitund og sjálfsaga. Frjálsa og frjóa hugsun.

Skólaumhverfi barnanna er hvetjandi og áberandi er að börnin eru í góðu jafnvægi til að meðtaka viðfangsefnin, þau fá tækifæri til að spreyta sig og þroskast af reynslunni.

Fanney skólastjóri nýtur fulls traust foreldra og hefur mikinn metnað fyrir starfi leikskólans. Samstarf í foreldra- og skólaráði gengur afskaplega vel. Regnboginn hefur einstakt lag á að laða til sín hæfileikaríkt og hæft starfsfólk sem eru góðar fyrirmyndir og leiðbeinendur fyrir börnin. Þetta kom vel í ljós í þeirri áskorun sem mætti samfélaginu á árinu 2020. Starfsfólk, undir stjórn leikskólastjóra, var fljótt að bregðast við samkomubanni og öðrum takmörkunum sem fylgdu COVID19 faraldrinum. Foreldrar voru vel upplýstir um gang mála innan leikskólans og leiðbeiningar um viðbrögðin voru mjög skýr. Sérstaklega var aðdáunarvert að sjá hvernig viðbrögðin voru fumlauis og þarfir barnanna settar í forgang sem gátu fundið ró og athvarf í leikskólanum í þessu undarlega ástandi sem skapaðist. Þetta sýndi vel hvernig stjórnun Regnbogans er háttad

Öll aðstaða fyrir börnin er til fyrirmyndar, bæði fyrir leik og nám inni sem úti en skólabyggingin sjálf styður einstaklega vel við starfsemina.

Fyrir hönd foreldráðs

Svandís Helga Halldórsdóttir

formaður

Samstarf

Ártúnsskóla og Regnbogans 2020-2021

Skólarnir hafa gert með sér samning um samstarfi sem miðar að því að auka samskipti og samvinnu skólanna. Markmiðið er að auðvelda tilfærslu nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskóla og að bjóða grunnskólanemum í heimsókn í leikskólann og æfa sig þar að lesa fyrir yngri börn.

Í vísdomshópi Regnbogans eru 13 börn í vetur fædd árið 2015.

Á skólaárinu 2020 – 2021 verða eftirtalin skref tekin til að ná framangreindu markmiði:

Skólahópur - heimsóknir:

- Vísdomshópur Regnbogans mun heimsækja 1. bekk Ártúnsskóla (hitta gamla félaga), á miðvikudegi **5. og 12. nóvember** (6 og 7 börn í senn, þetta árið eru börnin 13). **Gestirnir koma kl. 9:15**, syngja með nemendum, borða nesti og fara út í frímínútur.
- Vísdomshópur Regnbogans kemur á **Föstudagssamveru 2. bekkjar 27. nóvember kl. 8:25**.
- Hópurinn mun jafnframt koma í tvö skipti í sögustund á **skólasafn Ártúnsskóla, fimmtudagana 11. og 18. mars kl. 9:05** (hálfur hópur kemur í senn).
- Vísdomshópur heimsækir Skólasel, frístundaheimili Ártúnsskóla fimmtudaginn 15. apríl kl. 9:00.
- Nemendur úr **4. GS** í Ártúnsskóla koma í heimsókn í Regnbogann og lesa fyrir leikskólabörnin miðvikudaginn **3. og 10. mars og kl. 9:05, hálfur hópur í einu**.

Íþróttahús - heimsóknir

Vísdomshópur getur fengið aðgang að **íþróttahúsi** Ártúnsskóla í vetur á **fimmtudögum kl. 13:30 -14:15** frá 1. október.

Skilafundur:

Skilafundur verði 1 x á ári undir lok skólaárs. Fundirnir eru til skiptis í skólunum til að efla samstarf og til að kennarar kynnist betur og þekki aðstæður barnanna í báðum skólum.

Regnboginn skili þá lista með nöfnum þeirra barna sem fara í Ártúnsskóla og skriflegum upplýsingum varðandi börn sem fengið hafa einhverskonar greiningu eða stuðning.

Næsti skilafundur verði miðvikudaginn 28. apríl kl. 10:00 í Ártúnsskóla
eða samkvæmt nánari ákvörðun síðar.

Ártúnsholti, 1. september 2020

Guðrún Bára Gunnarsdóttir, aðstoðarskólalastjóri Ártúnsskóla
Fanney Guðmundsdóttir, leikskólalastjóri Regnbogans

Þema eða viðfangsefni hverrar árstíðar tengist því sem fangar athygli barnanna hverju sinni og getur staðið í einn dag, eina viku, einn mánuð eða lengri tíma í senn.



Ath. að dagsetningar og áætlun geta tekið breytingum!

Skóladagatal 2020-2021

September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Agúst
1	1	1	1 Fullveldisd. Íslands	1 Nýársdagur	1	1.	1 Skírdagur	1. D.v. opið hús?	1	1	1
2	2	2	2	2	2	2	2 Föstud.langi	2	2	2	2 Fridagur versl.m.
3	3	3	3	3	3	3 Regnboginn 18 ára	3	3	3	3	3 Sumarleyfi
4	4	4	4	4	4	4	4	4.	4	4	4
5	5	5	5	5	5 Danskennsla	5 Pétur og úlfurinn	5 annar í páskum	5	5	5	5
6	6	6 Jól í skókassa	6	6 Prettdandinn	6 Slysavarnámsk.	6	6	6	6	6	6
7.	7	7	7	7	7	7	7	7	7 Sjómannadagurinn	7	7
8	8	8	8	8 Danskennsla	8	8	8	8	8	8	8
9	9 Bleikur dagur	9	9	9	9	9	9	9	9	9	9
10	10	10.	10	10	10	10	10	10	10 2. aðlögun	10	10
11	11	11	11 Jólaleikrit 9:15 +	11	11	11	11	11	11	11	11
12 Skipulagsdagur	12.	12	12 rauður dagur	12	12 Danskennsla	12	12	12	12	12.	12
13	13	13	13	13	13	13	13	13 Uppstigningardagur	13	13	13 Sumarleyfi
14.	14	14 Skipulagsd.	14	14	14	14	14	14	14	14 Sumarleyfi hefst	14
15	15	15 dagur ísl.tungu+	15	15 Danskennsla	15 Bolludagur	15	15	15	15	15.	15
16 D. ísl. náttúru	16	16	16	16 Skipulagsdagur	16 Sprengidagur	16	16	16	16	16	16
17	17	17	17	17	17 Öskudagur	17	17 Skipulagsdagur	17	17 Lýðveldisdagurinn	17 "	17 Sumarleyfi
18	18	18	18 Litlu jólin og	18	18	18	18.	18 Útskriftarferð.	18	18 "	18 Nýtt skólaár hefst
19.	19	19	19 fore.kaffi 15-16	19	19 Dans+konud.kaffi	19	19.	19	19	19 "	19
20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20 "	20
21 Fore.fundur	21	21	21	21	21 Konudagur	21	21.	21	21	21	21
22 Fore.fundur	22	22	22	22 Dans+bóndak.	22	22	22. Sumard.fyrsti	22	22	22	22
23	23	23	23 Þorláksmessa	23	23	23	23	23 Hvítasunnudagur	23	23 Sumarleyfi	23
24 Fore.fundur	24	24	24 Aðfangadagur	24	24	24	24	24 Annar í hvítasunnu	24	24	24
25 Haustlitadagur	25	25	25 Jóladaur	25	25	25	25	25.	25	25	25
26.	26 Fyrsti vetrardagur	26	26 Annar í jölum	26	26 Dans?	26	26	26.	26	26 "	26
27	27 Bangsa + nátt	27.	27	27	27	27	27	27 Útskrift	27	27 "	27
28.	28	28	28 Lokað	28	28	28 Pálmasunnudagur	28	28 Víkingasveit byrjar	28	28	28
29 Fore.og skólar.	29	29	29 Lokað	29 Danskennsla		29	29 Sveitiferð 10:30-12:30	29	29	29	29
30	27	30	30 Lokað	30		30	30	30	30	30 Sumarleyfi	30
	31		31 Gamlársdagur	31		31		31 1. aðlögun		31	31
Vinátta		Kærleikur		Hjálpssemi		Virðing		Gleði		Umhyggja	

Hver dyggð á sér 2 mánuði í skóladagatalinu

SSSK (Sjálfstæðir skólar) ráðstefnu- og námskeiðsdagar í mars

Regnboginn og foreldrafélagið standa árlega saman að námskeiði um slysavarnir barna f. starfsfólk og foreldra

Foreldraviðtöl eru skipulögð í námunda við afmæli barnanna og að ósk foreldra og kennara

Dansnámskeið í jan. og febr., kennari verður Íris Ösk Einarisdóttir í Félagi danskennara.

1. skipulagsdagur - færðsla og Reggio Dagur 2. skipulagsdagur - námskeið 3. skipulagsd?

Þórdís kemur 11 des. Kl. 9:15 og litu jólin vikuna á eftir

Ath. að dagsetningar og áætlun geta tekið breytingum!

Víkingasveitin er sumardeild elstu barnanna.

Að leggjast í víking merkir að fara víða sjá, nema og forframast

Ekki er lokað á skipulagsdögum en þeir unnir á laugardögum

Einkunnarorð Regnbogans eru: **Börn eru merkilegt fólk**

Gildi Regnbogans eru: **Virðing - Gleði - Umhyggja**

Sæll Lubbi minn

Takke fyrir boðið! Það væri mér sönn ánægja
að koma í Regnbogann. 🌈

Ég byrja að pakka undir eins! Atti ég
ekki að taka kuldagallann? Hér í Ástralíu
er sumarið byrjað og mjög hlýtt í veðri en
mér skilst að á Íslandi sé að koma vetur.

Hlakka til að sjá ykkur!

Ég get ekki beðið!

Kær kveðja,

þinn vinur

Blær 🐾



Sæll kærir Blær



Mikið var gaman að kynna þér á ferðum
minum um Ástralíu. Ég sakna þín og
mig langar að bjóða þér að koma í
vinaleikskólann mínn sem heitir þú fallega nafni
Regnboginn. Hvernig lýst þér á það?

Ég hlakka til að kynna þig fyrir krökkunum
hér. Þeir eru mjög skemmtilegir og góðir vinir.

Þinn vinur,

Hubbi 

